

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 314

júní 2019



Júní 2019. Blað nr. 314
THE LION IN ICELANDIC
Fjöllumdæmi 109
Multiple District 109 Iceland
Opinbert málagn Lions Clubs
International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
tungumálum: Dönsku, ensku,
farsí, finnsku, flæmsku,
frönsku, grísku, hollensku, íslensku,
ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku, tælensku, tyrknesku og
þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út
í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári,
fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í
netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í
netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201
Kópavogur er opin alla virka daga frá
kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Kolfinna
Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2018 – 2019
Fjöllumdæmisstjóri:
Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán.
Umdæmisstjóri 109A: Geirþrúður F.
Bogadóttir, Lkl. Æsa.
Umdæmisstjóri 109B: Sigfríð
Andradóttir, Lkl. Búðardals
Fjöllumdæmisritari: Guðmundur Helgi
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.
Fjöllumdæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,
Lkl. Vitaðsgjafi.
Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri: Jón
Pálmason, Lkl. Viðarr
Vara fjöllumdæmisstjóri: Ellert
Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.
Protokol- og þingstjóri: Kristinn
Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar
Friðriksson, Lkl. Hængur.
Kynningarstjóri: Björn Guðmundsson,
Lkl. Hæng.

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,
Lkl. Fjörgyn.
Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell
Cýrusson, Lkl. Búðardals.
Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,
Lkl. Vitaðsgjafi.
GLT stjóri (menntun og
leiðtogaþjálfun): Halldór
Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.
GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun): Jón
Gröndal, Lkl. Njörður.
GMT/konur í Lions: Hrunð
Hjaltadóttir, Lkl. Fold
GST stjóri: (verkefni) Pálmi
Hannesson, Lkl. Garði.
NSR-AU nefndarmaður: Jón
Pálmason, Lkl. Viðarr
Alþjóðaforseti Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik.
Lestrarátaksstjóri: Dagný S.
Finnsdóttir, Lkl. Úa.
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
Þorsteinsson fyrrv. alþjóða-
stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.
Hjálparstjóri: Kristinn G.
Kristjánsson, Lkl. Hveragerði.
Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís
Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.
Laganefnd (form.): Gissur Júní
Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar
LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,
Lkl. Mosfellsbæjar.
Lions Quest stjóri: Hrunð Hjaltadóttir,
Lkl. Fold
MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,
Lkl. Eik.
MedicAlert gjaldkeri: Margrét
Jónsdóttir, Lkl. Fold
MedicArert ritari: Anna Kristín
Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold
Mennningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,
Lkl. Ylfa.
Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
Skoðunarmaður (aðal): Benjamín
Jósefsson, Lkl. Akranesi.
Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.
Skoðunarmaður (vara): Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
Varaumdæmisstjóri 109A: Jóhanna
Thorsteinsson, Lkl. Eir


Fjöllumdæmisstjóri:



Björg Bára Halldórsdóttir,
fjöllumdæmisstjóri. Björg
Bára er félagi í Lions-
klúbbum Rán. Ef þú
þarft að hafa samband við
hana þá er netfang
hennar: bjorgbara@
simnet.is



Geirþrúður Fanney
Bogadóttir, umdæmisstjóri
109 A. Geirþrúður er
félagi í Lionsklúbbum
Æsu. Ef þú þarft að hafa
samband við hana þá er
netfang hennar: gfb@
ismennt.is



Sigfríð Andradóttir,
umdæmisstjóri 109 B.
Sigfríð er félagi í Lionsklúbbs
Búðardals. Ef þú þarft að
hafa samband við hana þá
er netfang hennar:
sigfrida@simnet.is

Varaumdæmisstjóri 109B: Bragi
Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar
Varaumdæmisstjóri (annar) 109A: Jónas
Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur.
Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:
Guðjón Andri Gylfason, Lkl. Hængur.

Steve Thornton,
Juswan Tjoe,
A. Geoffrey Wade,
Dr. Walter Zemrosser.

Frankvæmdastjóri
Lionshreyfingarinnar 2018 – 2019:
International President: Guðrún Björt
Yngvadóttir Ísland
Immediate Past President: Naresh
Aggarwal Indland
First Vice President: Jung-Yul Choi
Suður Kórea
Second Vice President: Haynes
Townsend, USA
Third Vice President: Brian E. Sheehan,
USA

Second Year Directors:

Doo-Hoon Ahn,
Sandro Castellana,
Hastings E. Chiti,
William Galligani,
Thomas Gordon,
Nicolás Jara Orellana,
Ardie Klemish,
Alice Chitning Lau,
Connie Lecleir-Meyer,
Virinder Kumar Luthra,
Datuk K. Nagaratnam,
Don Noland,
Regina Risken,
Yoshio Satoh,
Patricia Vannett,
Gwen White.
Nicholas Xinopoulos Jennifer Ware
Jaepung Yoo

First Year Directors:
Muhammad Adrees,
Qazi Akram Uddin Ahmed,
Shoichi Anzawa,
Billy J. (B.J.) Blankenship,
Gary F. Brown,
Rodolfo Espinal,
Liao-Chuan Huang,
Jongseok Kim,
Dr. Nawal Jugalkishor Malu,
Geoffrey Leeder,
Mark S. Lyon,
Heimo Potinkara,
JP Singh,

Upplag: 2400 eintök – Pökun og
dreifing: Lionsklúbburinn Eir
Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Umdæmisráð ásamt
Vigdísi Finnbogadóttur fyrrverandi
forseta Íslands og Guðrúnu Björt
Yngvadóttur alþjóðaforseta
Lionshreyfingarinnar



Ritstjórnargreinin

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er síðasta tölublað starfsársins komið út sem er prentað blað.

Umfjöllunarefnið í blaðinu eru margvísleg og hafa félagar verið duglegir að skrifa í þetta blað sem er gleðilegt enda stórt ár hjá mörgum. Margar áhugaverðar greinar eru í blaðinu og er held ég á engan hallað þegar ég hvet menn til að lesa afmælisgrein Lionsklúbbs Kópavogs sem varð 60 ára á þessu ári.

Eins og kom fram í síðasta blaði þá ákvað umdæmisstjórnaráð að breyta dreifingu blaðsins á næsta starfsári. Nú verður blaðið aðeins sent til þeirra sem óska eftir því gegn því að þeir greiði sjálfir fyrir póstsendingu. Þetta er gert til þess að spara því rekstur blaðsins er of mikið fyrir neðan núllið. Blöðin verða því ekki lengur send til klúbba í einum

bunka og þetta þurfa lionsmenn að gera sér grein fyrir. Formenn átta að kanna hjá félögum hvort þeir vildu fá blaðið sent til sín en að öðrum kosti að lesa það í tölvu eða síma því öll blöð verða send til félaga á rafrænan hátt. Ef enn eru nokkrir sem ekki hafa fengið þessa spurningu frá formanni og vilja blaðið sent heim til sín þá endilega að láta skrifstofu Lions vita.

Nú er sumarið framundan og flestir klúbbar farnir í sumarfrí eftir gott starf í vetur. Alþjóðþingið er framundan hjá öðrum, sem er þingið hennar Guðrúnar Bjartar í Milánó og fara allnokkrir félagar þangað til að fagna með henni þegar hún skilar af sér keflinu.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs óska öllum gleðilegs sumars við leik og störf.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Félagsskapur tryggir framhald á verkefnum ykkar

Pistill Alþjóðaforseta



Hæ Lionsfélagar!
Þegar ég hugsa um kraft félagsskapar, þá hugsa ég um það verkefni að ala upp fjölskyldu. Ég man hvað það var stundum erfitt að hafa jafnvægi milli þess ala upp og hugsa

um börnin á móti því að sækja skóla og vinna úti.

Á þeim kvöldum sem ég þurfti að vinna, þá kom eiginmaðurinn krökkunum í rúmið. Á þeim dögum sem þau voru lasin eða leið og þurftu á mömmu sinni að halda, þá átti ég vinnufélaga sem skildu málið og tóku yfir verkefni mín meðan ég var heima og gaf þeim meðul og faðmlög.

Ég hefði getað gert þetta alein. Margir gera það. En vitanlega var þetta auðveldara með félagi. Samvinna styrkir þig ekki bara í verkefnum, hvort sem það er að ala upp fjölskyldu eða skipuleggja þjónustuverkefni - það tryggir líka að vinna þín heldur áfram, þó þú snúir þér að öðru.

Þú getur plantað í garð og hugsað um hann aleinn, en plönturnar deya ef þú ferð í burtu og getur ekki hugsað um hann. En ef þú hefur fengið samfélagið með þér í þetta, þá hefur þú

plantað einhverju sem lifir löngu eftir þinn dag. Það er skilgreining á að hafa áhrif.

Við skulum nota sumarið til að byggja upp tengsl sem tryggja að verkefni þín haldi áfram til framtíðar.

Ykkar,
Guðrún Björt Yngvadóttir
Alþjóðaforseti Lionsshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson



Ný markmið

Allt af er rúm fyrir ný markmið og alltaf er tímabært að vera stórhuga í því að leggja lið.

Að hugsa út fyrir bæinn.

Árið 2004 fannst Rocklin Lionsklúbbnum í Kaliforníu að aukins átaks væri þörf í gleraugnasöfnun. Fram að þeim tíma þóttust félagarnir góðir ef þeim áskotnuðust 35 gleraugu á ári.

En nýja formanninum Max Best fannst að betur mætti gera. Eftir að hafa fjölgað söfnunarkössum í bænum sínum datt þeim félögum í hug að hafa samband við "Tapað - fundið" deildir víða um bæinn og falast eftir gleraugum sem enginn virtist sakna. Það skilaði svo góðum árangri að þeir spurðu sig "Hvers vegna að takmarka okkur eingöngu við bæinn okkar?"

Það varð úr að þeir settu sig í samband við "Tapað - fundið" í hótélkeðjum, spilavítum, lögreglustöðvum og framhaldsskólum vítt og breitt um landið. Fjöldi gleraugna óx úr 35 gleraugum á ári í 30 til 40.000, þar af voru 25% úr nærumhverfinu en afgangurinn kom víðsvegar að úr Bandaríkjunum.

Þessi góði árangur hvatti þá til þess að setja markið enn hærra og stefnt var að því að safna hálfri milljón gleraugna. Ekki var langt liðið árs 2019 að fjöldi gleraugna var kominn í 504.548.

Þó að þetta sé kannski ekki það mesta sem einn klúbbur hefur safnað, er það þó dæmi um klúbb sem fannst "góður árangur" eiginlega ekki nógu góður. Þeir ákváðu setjast niður og finna nýjar leiðir í verkefnum og þar með auka áhrif og árangur í þjónustustörfum klúbbsins.

Þýðing: Edda Briem



Skilafrestur á efni í næsta blað er 5. september

Kæru Lionsvinir, gleðilegt sumar!



Nú er enn einu starfsári að ljúka, starfsári sem hefur verið einstakt í sögu Lions á Íslandi og líka á heimsvísu. Á þessu ári höfum við Íslendingar verið svo lánsöm að fá að upplifa það að eiga forseta fjölmennustu líknarsamtaka í heimi, Lions. Sú staðreynd hefur farið full hljótt og má segja að það hafi verið eitt best geymda leyndarmálið á Íslandi því landinn hefur varla vitað af þessu og ekki gert sér grein fyrir hvað þetta er stórt embætti og skyldurnar miklar. Það hefur jafnvel farið framhjá íslensku Lionsfólki eins einkennilega og það kann að hljóma. En Guðrún Björt hefur staðið fyrir sínu, farið um allan heim og hvatt Lionsfólk til dáða. Guðrún Björt kemur til dyranna eins og hún er klædd, nær einstaklega vel til fólks og er afskaplega áhugahvetjandi. Okkar kona, hefur verið skærasta stjarnan í ljóskeðju okkar frábæru samtaka.

Umdæmis- og fjölmumdæmisþing

En þá að starfinu hér heima. Nú er nýlokið árlegu þingi okkar. Eins og við höfum nefnt áður var það með örlítið breyttu sniði að því leyti að það var styt, skólarnir byrjuðu á hádegi á föstudegi í stað föstudagsmorguns og setningin því seinna en vant er og ekki var skruðganga að þessu sinni. Þessi breyting mæltist vel fyrir hjá þingfulltrúum.

Þingið var sett við hátíðlega athöfn í Nes Kirkju. Sérstakur gestur var frú Vigdís Finnbogadóttir fyrirverandi forseti Íslands.

Í tilefni af árinu hennar Guðrúnar fannst okkur við hæfi að veita í fyrsta sinn eingöngu konum viðurkenningar fyrir góð störf fyrir Lionshreyfinguna og konur um allan heim. Þetta eru allt harðduglegar konur sem eru vel að þessum viðurkenningum komnar, ekki af því þær eru konur heldur vegna vinnusemi, framsýni og góðra verka.

Frú Vigdís Finnbogadóttir var sæmd Kjaransorðunni. Hún hefur veitt öðrum konum innblástur og kjark til að stíga fram á ýmsum sviðum. Við þökkum henni fyrir að ryðja brautina meðal annars fyrir okkar konu Guðrúnu Björt alheimsforseta. Vigdís er konum um allan heim mikil fyrirmynd.

Lestaráttaksteymið hefur sem heild unnið eins og einn maður. Harðduglegar konur sem hafa unnið dag og nótt við að þakka og senda um allt land. Þær hafa verið frjór í hugsun og veitt verkefnum sem stuðla að betra læsi stuðning sinn svo eftir hefur verið tekið. Lestaráttakið er eitt besta verkefni Lions á Íslandi í dag.

Dagný Finnsdóttir Lkl. Úu Mosfellsbæ, lestrarátaksstjóri og Jórunn Guðmundsdóttir Lkl. Ýr í Kópavogi, lestrarátaksfulltrúi í A umdæmi voru sæmdar Kjaransorðu og Hrund Hjaltadóttir Lkl. Fold, lestrarátaksfulltrúi í B umdæmi, progressive Melvin Jones en hún hefur áður verið sæmd Kjaransorðunni af klúbbsfélögum sínum. Við óskum þessum konum til hamingju og þökkum þeim fyrir allt og allt.

Retina Risk, gjaldfrítt smáforrit

Prófessor Einar Stefánsson, augnlæknir, var gestur á umdæmisþingum A og B og kynnti smáforritið Retina Risk fyrir þingfulltrúum. Eins og kunnugt er hefur Lions á Íslandi gengið til samstarfs við Retina Risk en ætlunin er að Lionsfélagar á Íslandi kynni smáforritið í tengslum við blóðsykursmælingar í haust og önnur tækifæri sem gefast. Í kynningu Einars kom fram að tæp 70% fólks með sykursýki fær augnbotnabreytingar. Koma má í veg fyrir 80% tilvika af blindu með tímanlegri greiningu og meðferð. Retina Risk, smáforritið er einstök íslensk tæknijung sem gerir fólki með sykursýki kleift að meta með einföldum hætti einstaklingsbundna áhættu sína á að fá sjónskerðandi augnbotnaskemmdir, fylgjast með ástandi sínu og nálgast fræðsluefni og leiðbeiningar um bættu sjálfsumönnun. Lionsfélagar á Íslandi, hafa þegar fengið sendan tölvupóst með kynningu á Retina Risk. Við hvetjum alla Lionsfélaga til að kynna sér innihald bréfsins sem fyrst og einnig er gott að hlaða niður smáforritinu, til að sjá hvernig það virkar.

Nánar er gerð grein fyrir þinginu í sér grein hér í blaðinu.

Alþjóðastjórnarfundur í Reykjavík

Það er hefð fyrir því að einn af fjórum fundum alþjóðastjórnar Lions, á hverju starfsári, sé haldinn í heimalandi forseta ef hægt er. Því var fundur Alþjóðastjórnar Lionshreyfingarinnar haldinn í Reykjavík 3. – 6. apríl s.l. Það er gríðarleg vinna að undirbúa viðburð af þessu tagi og í mörg horn að líta, en með samstilltu átaki gekk allt að óskum. Við viljum þakka þeim fjölmörgu sem lögðu þessu einstaka verkefni lið og við vitum að gestirnir okkar héldu af landi brott alsælir með góðar minningar. Daníel Þórarinnsson fyrirverandi fjölmumdæmisstjóri var formaður gestgjafanefndar ásamt Björgu Báru fjölmumdæmisstjóra, Hörður Sigurjónsson var yfir skemmtiatriðum á kvöldverðum, Pálmi Hannesson yfir móttökunefnd á flugvællinum, Magnús Baldursson sá um upplýsingaborð á hóteli og Halldór Runólfsson um makadagskrá. Sérstaklega viljum við þakka Daníel fyrir hans miklu vinnu.

Lions Quest

Eftir nokkurra ára hlé erum við komin af stað aftur með Lions Quest en nú á nýjum nótum. Norðmenn, Ítalir og fleiri hafa mótað nýtt efni fyrir LQ sem notað er við þjálfun þjálfara hjá íþróttafélögum. Við fréttum af þessu á síðasta ári og höfum verið að vinna í þessu allt þetta starfsár. Hrund Hjaltadóttir fór á Evrópufund og kynnti sér verkefnið auk þess að fara á fund Norðmanna sem eru fremstir í þessum efnunum. Við fórum síðan á fund ÍSÍ og kynntum þeim málið og voru þau mjög áhugasöm. Upp kom sú hugmynd að prufukeyra þetta á einu félagi og varð Fjölnir í Grafarvogi fyrir valinu. Nú er búið að halda kynningarfund með Fjölnis fólki og leist þeim það vel á hugmyndina að þetta er komið á vinnslustig. Við höfum fengið styrk frá LCI til þess að byrja og þjálfara frá Noregi. Nú í maí var haldinn fyrsti kynningarfundur með norska þjálfaranum og Fjölnisfólki, hann gekk vel og var ákveðið að halda áfram. Við erum mjög spennt að byrja á þessu verkefni en Norðmenn standa þétt við bakið á okkur og hafa veitt okkur aðgang að öllu þeirra efni og þjálfurum. Hrund Hjaltadóttir á miklar þakkar skildar fyrir að koma þessu í gegn en hún er Lions Quest stjóri.

Rauð fjöður

Eins og allir vita fórum við í söfnun undir merkjum Rauðrar fjaðrar í byrjun apríl. Markmiðið var að safna fyrir tveimur OCT augnbotnaskönnunum og náðum við því markmiði og gott betur. Nánar er sagt frá söfnuninni annars staðar í blaðinu. Við viljum þakka Rauðu

fjaðrar nefndinni fyrir einstaklega gott starf, öllu því Lionsfólki sem þátt tók og þeim sem styrktu okkur. Vel gert!

Lionsheimilið í Hlíðasmára

Áfram skal haldið við endurbætur á húsnæðinu okkar í Hlíðasmára. Salurinn er heldur líttill fyrir t.d. umdæmis- og fjölmúðemisfundi og fundi klúbba með yfir 40 félagar og þá líka makakvöld. Einnig teljum við að með breytingum verði meiri útleiga til almennings. Við fengum arkitekt til þess að rissa upp möguleika á stækkun salarins og breytingu á eldhúsi. Niðurstaða liggur vonandi fyrir fljótlega því fundað verður í lok maí um með arkitektinum um þá tillögu sem hann gerði. Óskastaðan er að klára breytingar fyrir haustið. Félagar úr Lionsklúbbum Víðarri hafa líkt og áður boðið fram krafta sína við þessa vinnu og færum við þeim bestu þakkir. Til eru kr. 600 þúsund í peningum til framkvæmdanna og milljón á fjárhagsáætlun ársins.

Bætt fjárhagsleg afkoma Lionsumdæmisins

Það gleymist stundum að nefna þegar vel gengur. Ljóst er á þessum tímamarki að við munum ná markmiðum okkar með að reka hreyfinguna með 6-7 milljóna króna hagnaði í ár, sama var upp á teningnum í fyrra svo hagur okkar hefur nú vænkast til muna. Þetta gerir okkur kleift að borga lán vegna hússins fljótar niður en annars. En þetta kemur ekki áreynslulaust, við höfum snúið við hverjum steini til þess að spara í rekstrinum. Umdæmis- og fjölmúðemisfundir hafa verið í Lionsheimilinu, þó þétt hafi verið setið og sparað hefur verið í matarkostnaði. Börn og makar okkar stýranna hafa komið þar til aðstoðar við matargerð og frágang. Mikið hefur verið sparað í ferðakostnaði bæði innan lands og utan og alls staðar þar sem það er möguleiki. Einnig var sparað í sendingarkostnaði Lionsblaðsins sem mun skila enn meiri sparnaði á næsta ári með rafrænni blaðadreifingu. Þetta er nauðsynlegt, því styrkur til blaðsins frá Ameríku lækkar ár frá ári. Breytingar sem áætlaðar eru á Lionsheimilinu munu svo, ef allt gengur eftir, auka tekjur okkar af útleigu salarins. Við þökkum öllum þeim sem gerðu þetta að veruleika.

Lokaorð

Þegar líður að lokum starfsárs er gott að líta yfir farinn veg. Viðburðaríkt ár er að baki og margt að þakka. Við stýrnar erum þakklátar fyrir að hafa fengið tækifæri til að starfa saman á þessu sérstaka ári í sögu Lions. Samvinna okkar sem og við Lionsfélaga okkar hvarvetna, hefur gengið einstaklega vel. Tónninn var gefinn, strax í upphafi starfsársins þegar vel á annað hundrað Íslendingar sátu Alþjóðþing Lions í Las Vegas og fylgdust með þegar Guðrún Björt var kosin alþjóðaforseti og þess má geta að nú hafa um 40 Íslendingar boðað komu sína á Alþjóðþing Lions, sem haldið verður í Mílanó í sumar. Þá lætur Guðrún Björt af starfi Alþjóðaforseta en tekur um leið við formennsku Alþjóðahjálparsjóðs Lions, LCIF.

Góðir Lionsfélagar

Fram undan er nýtt starfsár, með nýjum áskorunum og nýjum tækifærum. Megi Lionsstarfið dafna og blómstra um ókomin ár. Við leggjum lið!

*Björg Bára Halldórsdóttir fjölmúðemisstjóri
Geirþrúður Fanney Bogadóttir umdæmisstjóri 109A
Sigfríð Andradóttir umdæmisstjóri 109B*



Lions Quest nemendur taka höndum saman við Leofélaga til að vernda náttúruna

Eftir Jamie Konigsfeld

Ganesha er Fílaguð sem ryður úr vegi hindrunum og er verndari dýrlinga, lista og vísinda, og þróunar vitsmuna og visku. Þar sem engin Hindúa atburður byrjar án ákalls til Ganesha, finnst Lions Quest nemendum og Leofélögum nauðsynlegt að finna leið til að heiðra Ganesha á umhverfisvænni hátt.

Í ágúst og september á hverju ári er fæðingu Ganesha fagnað með Hindúa hátíð sem nefnist Ganesh Chaturthi. Á þessum tíma tilbiðja þátttakendur Ganesha líkneski í 10 daga og sökkva þeim síðan í sjó eða vatn. Mikið af því efni sem notað er til að búa til Ganesha líknesi eru mengunarvaldar og þegar þessum líkneskjum er sökkt í sjó eða vatn hefur það mjög slæm og langvarandi áhrif á vistkerfið.

Í borginni Bangalore í Indlandi stýra Leofélagar Lions Quest kennsluefninu og nemendur þeirra hafa mikla áhyggjur af þessu. Því var ráðist í það verkefni að þróa Ganesha líkneski úr leir og er það hluti að Lions Quest náminu. Lions Quest er lífsleikni námsefni sem Alþjóðasamtök Lionsklúbba (LCI) á og Alþjóðahjálparsjóðurinn (LCIF) styður um allan heim. Meðal markmiða námsefnisins er að nemendur öðlist bætta sjálfsmynd og sjálfsstyrkingu og hafi þroska til að standast þrýsting gegn neikvæðu líferni.

Einn þáttur verkefnisins sem Lions og Leo tengjast sérstaklega er að fræða nemendur um "þjónustumiðað" nám. Í einum menntaskólanum í Bangalore eru félagar úr Leoklúbbum Someshwarapura í öllum bekkjardeildum. Þeirra hlutverk í skólanum er meðal annars að hafa umsjón með Lions Quest námsefninu og þeir hafa kynnt sér vel þá mengun sem Ganesha líkneskin valda í sjó og vötnum.

Á hverju ári, einum mánuði fyrir Ganesha Chaturthi byrja Leofélagar að kenna nemendum að búa til sín eigin Ganesha líkneski úr leir, efni sem ekki veldur neinni mengun. Það fer mikill tími í að kenna þeim að búa til hvern hluta líkneskisins setja það saman og skreyta. Leofélagarnir láta sér ekki nægja sína skóla heldur fara þeir einnig í aðra skóla til að kenna nemendum þar.

Þegar nemendurnir hafa lokið við gerð líkneskisins fara þau hreykin með þau heim og tilbiðja í 10 daga. Þau nota líka tækifærið til að kenna fjölskyldum sínum og vinum hvernig hægt er að draga úr menguninni sem hefðbundin Ganesha líkneski valda. Að lokum er þeim svo sökkt í vatn án þess að menga það, vatn sem notað er til að vökva plöntur og matjurtargarða. Ár eftir ár læra nýir nemendur hversu auðvelt það getur verið að huga betur að umhverfinu og náttúrunni og stuðla þannig að bættum lífskjörum íbúanna. Það tekur tíma að breyta aldagömlum venjum en þegar hefur sést árangur af verkefninu og fleiri og fleiri búa nú til Ganesha líkneski úr leir.

Eitt af framtíðarverkefnum Lions er umhverfisvernd. Farið á vefsíðuna LCIF.odr/BE100 til að fræðast um markmið Campaign 100 í umhverfismálum. Markmið sem munu hafa langtíma áhrif til góðs fyrir náttúruna.

Þýðing: Kristinn Hannesson



Leofélaginn Yashas kennir nemendum að búa til náttúruvænt Ganesha líkneski úr leir.



Stoltir nemendur sýna Ganesha líkneski sem þau hafa lagt mikla vinnu í að búa til úr leir.



Hefðbundnu Ganesha líknesi sökkt í sjóinn.



Tveir nemendur sýna sína útgáfu af umhverfisvænu Ganesha líkneski.

Frá Lions-Quest stjóra MD 109

PCC Hrund Hjaltadóttir



Í janúar 2017 átti ég þess kost sem LQ stjóri Lions á Íslandi að taka þátt í Evrópufundi Lions Quest í Helsinki. Þar kynntist ég verkefni/námsefni sem ætlað er íþróttaþjálfurum til að nota í vinnu sinni með börnum og ungmennum. Ég kynnti það síðan fyrir yfirstjórn hreyfingarinnar og úr varð að umdæmisstjóraráð 2018-2019 tók þá ákvörðun að láta reyna á það hvort íþróttahreyfingin (ÍSÍ) teldi að þetta námsefni sem er sérstaklega ætlað fyrir íþróttaþjálfara íþróttafélaganna hentaði hér á Íslandi. Efni þetta hefur verið notað með góðum árangri t.d. í Noregi og Svíþjóð. Þann 29. ágúst var haldinn fundur með fræðslufulltrúa ÍSÍ Ragnhildi Skúladóttur og Þórnari Þórarinssyni frá ÍSÍ. Hrund Hjaltadóttir LQ stjóri, CC Björg Bára Halldórsdóttir og Ingvar Viktorsson LQ fulltrúi 109A sátu fundinn frá Lions. Okkur var vel tekið og töldu þau að norska efnið hentaði mjög vel fyrir Íþróttahreyfinguna hér og passaði vel inn í fræðsluprógrammið hjá þeim. Þau gáfu okkur sem sagt grænt ljós á að hafa samband við að minnsta kosti eitt íþróttafélag til að byrja með. Okkur kom saman um að Ungmennta- og íþróttafélagið Fjölunir í Grafarvogi hefði allt til að bera til að verða fyrir valinu. Ég hef svo verið í samstarfi við stjórn Fjölunir í

vetur og kynnti ég efnið á fundi hjá þeim í byrjun mars. Áhugi var hjá stjórn og formönnum deilda félagsins að fá að vita meira um verkefnið. Norðmenn eiga þetta efni en hafa gefið okkur leyfi til að nota efnið þeirra eins og við viljum og aðstoða okkur á allan hátt. Þann 17. maí s.l. var svo haldinn kynningarfundur með fulltrúum nokkurra deilda innan Fjölunir. Trond Rekstad Lions Quest þjálfari kom frá Noregi til að kynna fyrir þeim verkefnið. Trond er margreyndur Lions Quest kennari/þjálfari og hefur unnið með skólum og íþróttafélögum víða um Evrópu. Fundarmenn voru mjög jákvæðir og þökkudu fyrir fundinn með þeim orðum að örugglega yrði framhald á samstafinu. Það skal tekið fram að öll þessi vinna fer fram undir yfirumsjón Lions Quest stjórans í Oak Brook en Lions Quest er eitt af stærstu verkefnum LCIF um allan heim. Stjórnendur þar hafa verið mjög hvetjandi og aðstoðað við að komum þessu verkefni í gang á Íslandi.

Með Lionskveðju
Hrund Hjaltadóttir

Minning + Ófeigur Gestsson



Ófeigur Gestsson félagi okkar í Lionsklúbbi Akraness er fallinn frá. Hann gekk til liðs við klúbbinn 20. september 2005 þegar hann við búsetuflutning til Akraness flutti sig úr Lionsklúbbi Blönduóss. Áður hafði hann verið félagi í Lkl. Borgarfjarðar og Lkl. Höfða á Hofsósi. Hann lét fljótt til sín taka í starfi klúbbsins og var hann ritari starfsárið 2006 – 2007. Þá gegndi hann starfi formanns 2007 – 2008 og starfsárið 2011 – 2012 var hann gjaldkeri. Formaður

félaganefndar var hann 2010 – 2011. Hann sinnti fjölmörgum embættum og störfum innan klúbbsins. Hann var skoðunarmaður reikninga í nokkur ár, en lengst var hann síðameistari enda sagði hann mér að honum líkaði það embætti vel. Hann tuktadi okkur

góðlátlega til og suma meira en aðra. Hann lagði ríka áherslu á að félagar bæru merki sín á fundum. Þá var hann með skemmtilegan fróðleik sem hann miðlaði til okkar. Í nokkur skipti sá hann um matseld á jólafundum og fórst það vel úr hendi. Á umdæmisþingi 2011 hljóp hann í skarðið og ritaði þinggerð umdæmisþingisins fyrir mig. Það kom fljótt í ljós að hann var alvanur félagsmálamaður og ég trúi því að honum hafi veist það létt að sinna embættisskyldum sínum. Hann var útnefndur Melvin Jones félagi af klúbbum á hátíðarfundum þann 15. nóvember 2011 sem er æðsta viðurkenning klúbbs til félaga. Að leiðarlokum kveðjum við félagar í Lionsklúbbi Akraness góðan og starfssaman féлага og sendum fjölskyldu hans og ástvönum okkar dýpstu samúðarkveðjur og biðjum góðan guð að styrkja þau í sorg sinni.

f.h. Lionsklúbbs Akraness
Benjamín Jósefsson

Heimsókn alþjóðaforseta Lions til Akureyrar

Í aðdraganda þessa starfsárs var ákveðið að Guðrún Björt alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar myndi heimsækja Akureyri. Langt er síðan alþjóðaforseti hreyfingarinnar hefur komið í heimsókn til okkar, á svæði sex þannig að heimsókn Guðrúnar var kærkomin. Upphaflega var ákveðið að heimsóknin yrði 29. nóvember. Eftir einmunabliðu allt haustið brast á stórhrið þannig að allar leiðir lokuðust, allt flug var fellt niður og landleiðin lokaðist á Kjalarnesi þannig að ekki var hægt að ljúka heimsókninni.

Lionsfólk á svæði 6 hafði skipulagt viðamikla dagskrá m.a. með sameiginlegri gjöf til allra grunnskóla frá Siglufirði austur á Þórshöfn, afhendingu gjafa á Sjúkrahúsinu á Akureyri, lestraraðstoð við erlenda ríkisborgara og fleira. Við héldum okkar striki og lukum flestum afhendingum, þennan dag og dagana á undan fóru um 7 milljónir króna frá Lionsfélögum út í samfélagið.

Fljótlega eftir að veðrinu slotaði var farið að skoða hvenær Guðrún kæmist norður til að ljúka heimsókninni, varð miðvikudagurinn 17. apríl fyrir valinu. Það var ekki laust við að við yrðum fegin þegar veðurspáin fyrir daginn birtist en ólíkt deginum í nóvember fengum við blíðskaparveður. Guðrún Björt ásamt

fylgdarliði; Jóni Bjarna, Kristni Hannessyni, Björgu Báru Halldórsdóttur, Geirþrúði Fanney Bogadóttur og Braga Ragnarssyni lentu um hádegi á Akureyri þar sem tekið var á móti þeim og byrjað á að fara í hádegisverð. Að honum loknum var farið á geðdeild SAK þar sem Lionsklúbburinn Ylfa afhenti gjöf til geðdeildarinnar, en Ylfurnar hafa verið að gefa ýmsa smáhluti á deildina sem allir miða að því að auka lífsgæði sjúklinganna og virkni þeirra.

Þaðan fór Guðrún í viðtal á sjónvarpsstöðina N4 þar sem Karl Eskil Pálsson tók viðtal við hana. Það þarf ekki að fjölýrða um að Guðrún stóð sig frábærlega í viðtalinu sem sýnt var í byrjun maí á sjónvarpsstöðinni við góðan orðstír fyrir Lionshreyfinguna.

Eftir viðtalið var farið í Hængsskóg, þar sem Guðrún vígði nýja skógrækt Lionsklúbbsins Hængs, þar er stærsta tréð kallað Guðrúnartré um 3 metra alaskaösp í miðjum Guðrúnarlundi. Skógrækt Hængsmanna er á 25 ha. svæði ofan Akureyrar, sem byrjað var að gróðursetja í haustið 2018 en nú hefur um 8300 plöntum verið plantað á svæðinu.

Að skógræktinni lokinni var móttaka í Ánni, Lionssalnum á Akureyri, þar sem um 70 Lionsfélagar mættu frá Skagafirði að Húsavík. Svæðisstjórinn okkar, Anna Sigríður Hall-

dórsdóttir setti hátíðina og bauð Guðrúnu velkomna. Guðrún afhenti síðan viðurkenningar til félaga hér í umdæminu fyrir vel unnin störf. Síðast en ekki síst gafst Lionsfélögum tækifæri til að eiga spjall við hana og aðra lionsfélaga og treyst vinaböndin. Fyrir okkur hér á svæðinu var mikill heiður að fá Guðrúnu Björt til okkar það er engin spurning að koma hennar til okkar á þessu starfsári varð okkur hvatning til þess að standa okkur enn betur en við höfum áður gert.

Björn Guðmundsson og Andri Gylfason



Guðrún Björt Yngvadóttir við vígslu Hængsskógar, þar sem hún afhjúpaði sköld um vígsluna sem stendur við Guðrúnartré í Guðrúnarlundi.



Forstöðulæknir Geðdeildar SAK fræðir Alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar og annað Lionsfólk um starfsemi deildarinnar á Akureyri.



Forstöðulæknir Geðdeildar SAK Tekur við gjafabréfi frá Ikl. Ylfa á Akureyri.



Ásthildur Sturludóttir tekur við viðurkenningu Alþjóðaforseta Guðrúnar björt Yngvadóttur í heiðursamsæti sem var haldin í Ánni, félagsheimili Ikl. Hængs.



Félagar í Ikl. Hæng með Alþjóðaforseta Guðrúnu Björt Yngvadóttur við vígslu Hængsskógar. Við hlið Guðrúnar stendur formaður umhverfisnefndar Hængs, Ásgeir Þór Ásgeirsson.



Guðrún Björt Yngvadóttir með Lionsfélögum sem var veitt Melvin Jones í tilefni komu hennar á svæði sex.



Guðrún Björt Yngvadóttir

Fjölmennt á kynningarfundum hjá Lkl Keflavíkur

Jón Pálmason

GMT 109A



8. maí s.l. hélt Lkl. Keflavíkur kynningarfund til öflunar nýrra félaga. Fundurinn var undirbúinn af núverandi stjórn undir forystu Skarphéðins Jónssonar formanns, í samvinnu við Rafn Benediktsson varaformann. Fjölgunarmál höfðu verið rædd í klúbbnum og voru félagar sammála um að leiðin fram væri að breyta klúbbnum í blandaðan klúbb. Auk þess hafði verið samþykkt að gera þyrfti átak núna í vor og með framhaldi í haust.



Kynningarfundurinn var síðan auglýstur á Facebook í Keflavík auk þess sem félagar létu boð út ganga. Fundardagskrá var eftirfarandi: Axel Jónsson, fv. formaður Lkl. Keflavíkur, kynnti klúbbinn. Jón Pálmason, félagafulltrúi umdæmis 109 A, kynnti Lionshreyfinguna. Íris Bettý Alfreðsdóttir, formaður Lkl. Keilis á Vatnsleysuströnd, sagði frá starfi í blönduðum klúbbi en Keilir er blandaður klúbbur. Skarphéðinn formaður stjórnaði fundi.

Það er ánægjulegt frá því að segja, að fjölmenni var á fundinum, en 41 sátu fundinn. Þar af voru klúbbfélagar 16, annar eins hópur kom frá Lionessklúbbi Keflavíkur og 8 aðrir gestir. Af þessum hópi skráðu 6 sig tilbúna til

að kynna sér Lkl. Keflavíkur enn betur. Það verður gert í framhaldinu.

Á fundinum var borin upp sú spurning frá félaga í Lkl. Keflavíkur, hvort Lionessurnar vildu ekki sameinast Lionsklúbbnum. Nokkrar umræður urðu um það, án niðurstöðu.

Þessi fundur sýnir að hljómgrunnur er fyrir Lions í Keflavík, þátt fyrir ótal aðra möguleika þar í félagsmálum. Það myndi auk þess gera Lkl. Keflavíkur að nýjum kosti að vera blandaður, þar sem aðrir Lionsklúbbar í Reykjanesbæ eru ekki blandaðir.

Leiðin til friðar

Alþjóðleg keppni LIONS um friðarveggspjald 2019-2020

Í meira en þrjátíu ár hafa Lionsklúbbar um allan heim hvatt til friðar í heiminum. Einn þáttur í þeirri vegferð er hin árlega keppni grunnskólabarna í 6. bekk um gerð sérstaks friðarveggspjalds.

Í keppninni fá börn um allan heim fá tækifæri til að tjá hugmyndir sínar um frið í heiminum um leið og þau eru virkjuð til að vinna með hugtakið „friður“ og skilja mikilvægi hans og tjá sig með listsköpun sinni. Þau vinna verkefnið undir stjórn myndmenntakennarans í skólanum sínum.

Þetta gerist þannig að Lionsklúbbar býður myndmenntakennarum í sínu byggðalagi að taka þátt og leggur til þau gögn sem til þarf. Þau eru hjá Friðarveggspjaldafulltrúa okkar, henni Hólmfríði Þorvaldsdóttur í Lkl. Seylu.

Í hverjum gagnapakka eru leiðbeiningar og reglur keppinnar og dreifibréf til fjölföldunar og fyrir foreldra þátttökubarnanna.

Sagan kennir okkur að það getur gengið illa að fá þjóðir til að halda frið. Það skiptir því máli að ungt fólk geri sér grein fyrir mikilvægi heimfriðar. Það skapar okkur tækifæri til að læra um mikilvægi friðarboðskaparins, bæði í samskiptum fólks í millum og líka í samfélaginu okkar. Ein leiðin til að fræða um mikilvægi friðar er umræða og fræðsla.

Hér eru nokkrar mikilvægar dagsetningar varðandi verkefnið:

- Hafa núna strax samband við myndmenntakennarann/ana í þínu byggðalagi, því hann/þeir er/ú einmitt þessa dagana að undirbúa starf sitt næsta vetur
- 15. nóvember þarf að senda inn vinningsveggspjaldið sem hver klúbbur velur, til að senda inn í keppnina til umdæmisstjóra.
- 1. desember velja umdæmisstjórar í A og B eitt veggspjald hvor til að senda áfram til fjölumdæmisstjórans.
- 15. desember sendir fjölumdæmisstjóri íslenska vinningsveggspjaldið inn í alþjóðlega keppnina til höfuðstöðva Lions í Oak Brook.
- 1. febrúar er senda höfuðstöðvar Lions út tilkynningu um vinningshafa.

Ef klúbburinn þinn hefur áhuga á að taka þátt, endilega hafðu þá samband við hana Hólmfríði í A umdæminu, hún er með netfangið hoto50@rvkskolar.is og hún mun senda þér þau gögn sem til þarf.

Þing Lionshreyfingarinnar á Íslandi



Þingið 2019 var haldið af Lionsumdæminu á Íslandi dagana 26. og 27. apríl sl. á Hótel Sögu, Reykjavík. Eins og venjulega var byrjað á því að halda skólana fyrir viðtakandi embættismenn, svæðisstjóra, formenn, ritara og gjaldkera. Skólarnir byrjuðu kl. 12:00 og voru til kl. 17:00. Þetta var styttri tími en hefur verið og á leiðtoga- og fræðsluteymið (GLT) heiður skilinn fyrir hvernig þeir undirbjuggu og löguðu til námsefnið. Takk Halldór, Eggert og Andri. Eins þökkum við hinum kennurunum fyrir en það voru: Þorkell, Kristín og Stefán.

Umdæmisþingið voru haldin á laugardagsmorgninum. Þingstörf voru hefðbundin, skýrsla umdæmisstjóra og kynning á frambjóðendum, en einnig mætti Prófessor Einar Stefánsson, augnlæknir og stofnandi Retina Risk og kynnti fyrir okkur smáforritið Retina Risk.

Á umdæmisþingi 109A var Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Eir, Reykjavík, kjörin umdæmisstjóri starfsárið 2019-2020, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynk, Árnessýslu, kjörinn varaumdæmisstjóri og Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, Lkl. Eir, Reykjavík, kjörin 2 varaumdæmisstjóri.

Á umdæmisþingi 109B var Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar kjörin umdæmisstjóri starfsárið 2019-2020, Guðjón Andri Gylfason, Lkl. Hæng, Akureyri, kjörin varaumdæmisstjóri og Anna Blöndal, Lkl. Ylfa, Akureyri, kjörin 2 varaumdæmisstjóri.

Að venju kom alþjóðastjórnarmaður og flutti okkur kveðju alþjóðaforseta en að þessu sinni var það Regina Risken frá Þýskalandi. Að erindi loknu afhenti hún viðurkenningar til Lionsfélaga.

Certificate of appreciation - Viðurkenningar

A – umdæmi	B - umdæmi
Ásbjörn Guðjónsson, Lkl. Eskifjarðar	Anna S. Halldórsd., Lkl. Ösp, Akureyri
Guðrún M. Skúladóttir, Lkl. Seylu, Álftan.	Ásgeir P. Ásgeirss., Lkl. Hæng, Akureyri
Ingólfur Kristmundsson, Lkl. Kópavogs	G. Andri Gylfason, Lkl. Hæng, Akureyri
Sigmar Georgsson, Lkl. Vestmannaeyja	Sveinn Sverrisson, Lkl. Sauðárkróks
Þórunn Friðriksdóttir, Lkl. Æsu, Njarðvík	Þorkell Cýrusson, Lkl. Búðardals

Kl. 11:00 hófst svo fjölumdæmisþingið okkar og að venju var stíf dagskrá fram eftir degi. Björg Bára fjölumdæmisstjóri setti þing og bauð fólk velkomið. Regina Risken alþjóðastjórnarmaður flutti okkur kveðju frá Guðrúnu Björt, alþjóðaforseta. Að erindi loknu afhenti hún viðurkenningar til lionsfélaga.

Certificate of appreciation – Viðurkenningar

Pétur Jónsson, Lionsklúbbnum Víðarri, Reykjavík
Kristín Davíðsdóttir, Lionsklúbbnum Útu, Mosfellsbæ
Elín Halldóra Hermannsdóttir, Lionsklúbbnum Æsu, Njarðvík
Sigurður Steingrímsson, Lionsklúbbnum Vitaðsgjafa, Eyjafirði
Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Lionsklúbbnum Æsu, Njarðvík
Laufey Jóhannsdóttir, Lionsklúbbnum Eik, Garðabæ

Forsetaorða

Björn Guðmundsson, Lkl. Hæng, Akureyri
--

Leiðtogaorða

Kristófer A. Tómasson, Lkl Geysi, Biskupstungum	Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa, Akureyri
--	--



Árni V. Friðriksson alþjóðasamskiptastjóri kynnti fyrir okkur samnorrænu verkefnið sem kallast, „Gleymdu börnin“.

Björg Bára fjölumdæmisstjóri flutti sína ársskýrslu.

LCIF - Kristinn Hannesson LCIF stjóri hélt smá tölu um alþjóðahjálparstöðinn og hvernig við gætum með ýmsu móti stutt við hann, bæði í gegnum klúbbinn okkar en einnig sem einstaklingar.

Stefán Árnason fjölumdæmisgjaldkeri bar upp reikninga starfsársins

2017-2018 og sýndi okkur bráðabirgðauppgjör fyrir þetta starfsár 2018-2019 ásamt fjárhagsáætlun næsta starfsárs. Því næst bar hann upp tillögu um árgjald fyrir starfsárið 2019-2020. Félagsgjald hækki um 4.7% verði kr. 13.730.- Verkefnasjóðsgjald hækki um 3,4% verði kr. 1.219.- og var það samþykkt.

Björn Guðmundsson formaður Rauðu fjaðrar nefndarinnar sagði stuttlega frá söfnuninni en henni eru gerð betri skil annarsstaðar í blaðinu.

Því næst var borin upp tillaga um breytingu á nafni Íslenska hjálparsjóðsins, að hér eftir héti hann, „Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar“ og var það samþykkt.

Þá var borin upp tillaga um breytingu á samþykktum um Rauða fjöður. Eftir miklar umræður var þessari tillögu vísað til umdæmisstjóraráðs og fjölumdæmisstjórnar sem myndu taka málið fyrir á næsta starfsári.

Gissur Júní Kristjánsson formaður laganevndar lagði fyrir þingið breytingartillögu á 1.gr. laga Lionsumdæmisins á Íslandi um að hér eftir sé, „Lionsumdæmið á Íslandi“ rétt nafn þess en ekki (fjölumdæmi Lions nr. 109) og var það samþykkt.

Að síðustu var kynning á breytingum á reglum um Kjaransorðuna.

Þá var komið að kjöri embættismanna:

Í framboði til fjölumdæmisstjóra 2019-2020 var Ellert Eggertsson Lkl. Hafnarfjarðar, í framboði til varafjölumdæmisstjóra 2019-2020 var Björn Guðmundsson Lkl. Hæng, Akureyri, í framboði til fjölumdæmisritara 2019-2020 var Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn, Reykjavík,

í framboði til fjölumdæmisgjaldkera 2019-2020 var Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafa, Eyjafirði og voru þeir allir sjálfkjörnir.

Formaður Kjaransorðunefndar var kjörin Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán, Ólafsvík. Endurskoðendur (aðal) Benjamín Jósésson, Lkl. Akraness og Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni, Hafnarfirði, (vara) Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu, Selfossi og Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik, Garðabæ. Hlutu þau einróma kosningu.

Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni, Hafnarfirði kynnti fyrir okkur verð og skipulag á næsta þingi sem verður haldið í Hafnarfirði dagana 24. og 25. apríl 2020.

Kristinn Hannesson, þing- og protocol stjóri, kynnti þingstað árið 2021 en klúbbarnir á Akureyrarsvæðinu hafa boðist til að halda þingið þar dagana 14. og 15. maí og var klappað fyrir því.

Við undirbúning á Lionsþingi er í mörg horn að líta og við fengum duglegt og reynslumikið fólk í þingnefnina, þau Þór Steinarsson Lkl. Fjörgyn, Reykjavík, Margrét Jónsdóttir Lkl. Fold, Reykjavík og Hörður Sigurjónsson Lkl. Nirði, Reykjavík. Færum við þeim bestu þakkir fyrir mikið og gott starf.

Við hvetjum til þess að áfram verði skoðað að gera breytingar til góðs á þinginu og að sú vinna verði stöðug.

*Björg Bára Halldórsdóttir fjölumdæmisstjóri
Geirþrúður Fanney Bogadóttir umdæmisstjóri 109A
Sigfríð Andradóttir umdæmisstjóri 109B*

Mjór er mikils vísir!

Síðasta vetrardag gekkst endurnýjaður Lkl. Eir fyrir Vinkonukvöldi til styrktar Stígamótum. Þetta var í annað sinn sem klúbburinn stóð fyrir Vinkonukvöldi, en í fyrra skiptið var um að ræða fjáröflun til stuðnings félagsstarfi klúbbsins.

Virkir félagsmenn hóuðu í vinkonur sínar og stóðu fyrir kynningar- og skemmtifundi með þeim. Veislustjóri var formaðurinn Jóhanna Thorsteinson en um kynningu á Lions á GMT fulltúinn okkar Jón Pálmason.

Í boði var fordrykkur, ýmsir brauðréttir og ávaxtabakkar ásamt klassísku snakki. Eirarkonur eru svo þrúðar að sala áfengra drykkja var sáralítill svo ekki var um mikinn gróða í því. Hins vegar voru allmargir aðilar sem studdu við verkefnið með glæsilegum happdrættisvinningum! Við kunnum þeim okkar bestu þakkir fyrir hjálpina.

Eir er með elstu Lionsklúbbum kvenna í landinu. Hann var stofnaður sem Lionessklúbbur 14. apríl 1984, en varð strax og hægt var að fullgildum Lionsklúbbi 12. janúar 1988. Því fögnuðum við 35 ára afmæli með móðurklúbbi okkar, Lkl. Víðarri í mars sl. Það var einstaklega skemmtilegur fundur, vel sóttur bæði af Eirarkonum og Víðarrsmönnum.

Styrkurinn til Stígamóta verður afhentur í lok maímánaðar.

*Jóhanna Thorsteinson
Formaður*



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga



Lionsklúbbur Vestmannaeyja 45 ára

Stofnaður 6. apríl 1974

Afmælishátíð Lionsklúbbs Vestmannaeyja, haldin föstudaginn 29. mars 2019

Formaður klúbbsins Sigmar Georgsson fór yfir sögu klúbbsins í stórum dráttum og því kraftmikla starfi öll þessi ár bæði í fjáröflunum og vinnuframlagi félaga. Einnig fór formaður yfir stórgjöf Lionshreyfingarinnar til Eyjamanna í kjölfar eldgosins 1973 og minnti menn á að halda því vel á lofti hversu stór og mikil þessi gjöf var fyrir samfélagið okkar og muna að nota öll tækifæri sem gefast til að minna bæjarbúa á gjöfina.

Hörður Pálsson vararitari heiðraði minningu Arnfinns Friðrikssonar með stuttu ávarpi um lífshlaup Finns og hversu virkur hann var í starfi Lions og gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir klúbbinn og einnig verið svæðisstjóri í umdæmi 109A.

Stóra stund kvöldsins var inntaka 4 nýrra félaga í klúbbinn okkar. Einn þeirra var á sjó og náði ekki að mæta og verður tekinn inn á næsta fundi. Þeir sem voru formlega teknir inn í klúbbinn þetta kvöld voru: Bergvin Oddsson stjórnáráðgjafi, Vignir Skæringsson sjómaður og Ingimar Andrésen veitingamaður. Njáll Kolbeinsson var á sjó og verður formleg inntaka vonandi á næsta fundi. Formaður, gjaldkeri og ritari kynntu Lionshreyfinguna, alþjóðaforsætann okkar, klúbbinn okkar og fóru einnig yfir söguna fyrir hina nýju félaga. Nýju félögunum voru afhentar nýliðamöppur og meðmælendur nældu lionsmerkinu í barm nýju félaganna. Óskar Pétur Friðriksson er meðmælandi Bergvins, Georg Skæringsson meðmælandi Georgs, Sigmar Georgsson meðmælandi Ingimars og Sævar Þórsson er meðmælandi Njáls. Ágúst Pálmar Óskarsson aldursforseti okkar í Lionsklúbbi Vestmannaeyja fæddur árið 1939 var kallaður upp til að næla lionsmerkinu í yngsta félagann í klúbbnum sem var verið að taka inn í klúbbinn Bergvin Oddson fæddur árið 1986. Nýju félagarnir voru boðnir velkomnir með dynjandi lófataki og mökum þeirra afhentar gjafir.

Lionsklúbbur Vestmannaeyja var stofnaður 6. apríl 1974 og voru stofnfélagar 25. Aðeins einn stofnfélagi er enn starfandi í klúbbnum, Ágúst Pálmar Óskarsson, hann er enn einn öflugasti félaginn okkar í dag og hefur ávallt verið aðal drifkrafturinn í leik og starfi. Í fjölda mörg ár langsöluhæstur í fjáröflun klúbbsins og sá um perusölu til fyrirtækja sem var í brettavís allan ársins hring ásamt félagum sínum Arnfinni Friðrikssyni. Ágústi Pálmari og konu hans voru afhentar gjafir með árituðum skildi með þakklæti fyrir frábært starf í 45 ár.

Stjórnin og afmælisnefndin tilnefndi 5 félaga sem Melvin Jones félagi. Þeir félagar Lionsklúbbs Vestmannaeyja sem hlutu þessa viðurkenningu eru eftirtaldir: Hörður Pálsson bifvélavirki, Ingimar Heiðar Georgsson, Sævar Þórsson, Arnar Andersen og Gunnar Andersen. Makar þeirra voru einnig kallaðr til og þeim færðar gjafir fyrir stuðning þeirra.



Lionsklúbburinn Ægir



Lionsmenn og makar þeirra í frábæru veðri á Stokkseyri

Hefð er fyrir því að Lionsklúbburinn Ægir hljúki starfsárinu með því að skella sér í léttu vorferð með betri helmingum sínum. Að þessu sinni var hópurinn 25 manns og dugði þess vegna engin rúta heldur langferðabíll.

Ferðin var farin laugardaginn 11. maí í blíðviðri og var brunað beint upp í Biskups-tungur og tekið þar hús á bændunum á Spóastöðum sem sýndu hópnum eitt glæsilegasta fjós landsins, sem er nýtekið í notkun og nánast alveg sjálfvirkt.

Að því loknu kíktu Ægisfélagar og makar þeirra í heimsókn í Grænu könnuna, sem er kaffihúsið á Sólheimum, og þar tóku heimamenn á móti vinum sínum Lionsmönnum með virktum eins og venjulega og urðu fagnaðarfundir.

Þetta var fyrsta heimsókn Lionsmanna til Sólheima eftir að páfagaurinn Emma fluttist

þangað, en Lionsklúbburinn Ægir gaf íbúum Sólheima þennan skemmtilega páfagauk fyrir á þessu ári. Emma var pínulítið feimin við allt þetta Lionsfólk en henni leist best á viðtakandi formann klúbbsins, Þorlák Ómar Einarsson, og settist á öxlina á honum og fór vel á með þeim, vafalaust við að leggja á ráðin um komandi starfsár klúbbsins.

Að þessu loknu var brunað í langferðabílnum góða sem leið lá til Stokkseyrar og stórglæsilegt veiðisafn sem þar var skoðað í bak og fyrir. Að lokum snæddi svo hópurinn dýrindis kvöldverð á Hótel Selfossi áður en haldið var heim á leið. Svo sannarlega frábær ferð í góðum félagsskap og indælis veðri, og voru Lionsmenn og konur þeirra sæl og sáttað að ferðalokum eftir góða ferð og gott starfsár klúbbsins.



Þorlákur Ómar Einarsson, viðtakandi formaður Ægis leggur á ráðin um komandi starfsár með Emmu páfagauk



Nokkrir Ægisfélagar og vinir á Sólheimum í góðu skapi

Við leitum að Guiding Lion – leiðarljóni!

Ert þú leiðarljón?

Verkefnið Guiding Lion eða leiðarljón er hannað til að aðstoða klúbba sem eru nýstofnaðir, þarfnast endurnýjunar eða annar aðstoðar.

Umdæmisstjóri skipar leiðarljón til tveggja ára. Klúbbar geta sótt um eða óskað eftir aðkomu leiðarljóns til aðstoðar og hjálpar við þjálfun embættismanna klúbba, endurnýjunar klúbba og hjálpar til við að finna bjargir og úrræði. Hvert leiðarljón má aðeins sinna tveimur klúbbum í einu.

Leiðarljón aðstoðar *nýja klúbba* til að:

- Ná góðum árangri fyrstu tvö starfsárin
- Skipuleggja og þjálfá stjórnarmeðlimi og klúbbfélaga
- Hvetja og styðja við vöxt og viðgang klúbbs
- Finna bjargir og úrræði sem tiltæk eru til að hjálpa klúbbum.

Leiðarljón styður við *aðra klúbba* með því að leiðbeina þeim og hjálpa til við forgangsröðun verkefna.

Lionsshreyfinguna á Íslandi vantar Guiding Lions, leiðarljón í þetta hlutverk. Til þess að öðlast réttindi að verða leiðarljón þarf Lionsfélagi

að sækja námskeiðið *Certified Guiding Lion Course (CGL)*. Á námskeiðinu fer fram þjálfun til aukinnar færni og þekkingar á aðferðum og leiðum til að styðja við og endurreisa klúbba.

Lionsfélagar eru hér með hvattir til að sækja þetta námskeið.

Það fer fram á netinu og er einstaklingsmiðað. Í boði er einnig aðstoð á netinu til að auðvelda leiðarljóninu námið. Sjá nánar á slóðinni: <https://lionsclubs.org/en/resources-for-members/resource-center/guiding-lion-program>

Ef þú hefur áhuga þá skaltu hafa samband við verðandi umdæmisstjóra í umdæminu þínu! Í A umdæmi verður Jóhanna Thorsteinson umdæmisstjóri næsta ár. Netfangið er johanna@virgin.is Í B umdæminu verður Bragi Ragnarsson umdæmisstjóri. Netfangið er br@brimht.is



Fjölgar í klúbbnum og fjölbreytt félagsstarf



Bjarni Hlynur og Aðalsteinn Guðmundsson við sölu Rauðu fjadrarinnar á Flúðum.



Fossinn Dynkur heimsóttur.



Fjöldmenni var á Snitselkvöldi Dynks í Árnesi.



Ólína kaupir rauða fjöður af formanni Dynks.



Bjarni Harðarson les úr bók sinni á Snitselkvöldinu

Á síðasta félagsfundum starfsársins gerði Sigurður Björgvinsson, formaður Dynks, grein fyrir helstu þáttum í starfi klúbbsins á liðnu ári. Stjórnarskiptafundur Dynks verður haldinn 31. maí og þá tekur ný stjórn við undir forystu Bjarna Hlyns Ásbjörnssonar.

Í skýrslu formanns kom fram að starfsárið var bæði fjölbreytt og vel sótt af félögum klúbbsins. Áfram fjölgaði í Dynk þegar nýjir félagar gengu til liðs við klúbbinn eftir áramót.

Á meðal þess sem fram kom í ræðu formanns var:

„Starf fráfarandi stjórnar hófst á Lionsþinginu fyrir ári síðan, þegar við sátum þau námskeið sem við átti okkar stjórnarstörf og mælti formaður Dynks með kjöri Jónasar Yngva Ásgrímssonar í embætti annars vara umdæmisstjóra og var hann kjörinn í það með lófataki.

Dynkur stóð fyrir árlegri hreinsun meðfram vegum í sveitinni og tók að sér umhirðu Ólafsvallakirkjugarðs og var þátttaka félaga afar góð í þessu starfi.

Óskað var eftir því frá Lions samtökunum að við útveguðum heimili sem vildu taka á móti erlendum ungmennum til viku dvalar í ungmennaskiptum og auk undirritaðs þá tók Guðmundur Sigurðsson á Reykhól á móti þeim. Tvær stúlkur dvöldu á Reykhól og tveir strákar í Skarði og var farið vítt og breitt um fjórðunginn með þau.

Í október hélt Dynkur árlegt Snitselkvöld sitt. Tókst vel til og var húsfyllir á kvöldinu og sérstök ástæða til að þakka nefndinni sem á um kvöldið fyrir einkar góð störf.

Félagsfundir voru haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og fengum við gesti til að flytja erindi á sumum þeirra. Bjarni Harðarson las úr verkum sínum, Jóhanna Thorsteinson kom á fund klúbbsins, Sigurður Sigurðarson, fyrrverandi yfirdýralæknir, fræddi okkur um miltisbrand og Ólína Þorvarðardóttir hélt skemmtilegt erindi um ýmislegt úr þjóðháttum og sögum frá liðinni tíð.“

bgs



Lionsklúbbur Búðardals



Hér fá Katrín Lilja Ólafsdóttir fh. Skátafélagsins Stíganda og Kristján Ingi Arnarsson fh. Unglingadeildarinnar Ósk afhend gjafabréf frá stjórn Lkl. Búðardals.



Hér sjáum við Jónu Helgu hjúkrunarforstjóra Fellsenda ogínu Þorleifsdóttur hjúkrunarforstjóra Silfurtúns fá afhend gjafabréf frá stjórn Lkl. Búðardals.



Hér sjáum við frá vinstri Ingvar K. Bæringsson ritara, Jón Egil Jónsson nýjan félag, Vilhjálm H. Guðlaugsson formann og Guðmund F. Geirsson gjaldkera sem einnig var meðmælandi Jóns.



Hér sjáum við mynd af Jóhannesi H. Haukssyni þar sem hann kvaddi okkur á sinn hátt.



Hér er nýja stjórnin okkar, frá vinstri Þorsteinn Jónsson gjaldkeri, Ingvar K. Bæringsson formaður, Guðmundur F. Geirsson ritari, við hliðina sjást núverandi formenn Lkl. Búðardals og Reykhóladeildarinnar, Vilhjálm H. Guðlaugsson og Guðmund Ólafsson.

Lokafundur Lionsklúbbs Búðardals var haldinn miðvikudaginn 24. Apríl síðastliðinn í Dalakoti. Farið var yfir starfsárið og afhentar þær gjafir sem klúbburinn veitir í vetur. Helsta fjáröflun okkar var kótilettukvöld sem haldið var í Dalabúð í mars og var afrakstur þess notaður til styrktar Skátafélaginu Stíganda og Unglingadeildarinnar Ósk sem við væntum að koma að góðum notum.

Klúbburinn styrkti einnig Dvalarheimilið Silfurtún við kaup á „skutlu“ og Hjúkrunarheimilið Fellsenda við kaup á súrefnisvél og væntum við þess að þessi tæki komi sér vel fyrir heimilin.

Klúbburinn tók einnig þátt í þeim verkefnum sem komu frá fjölumdaminu s.s. gleraugnasöfnuninni, Rauðu fjaðrarsöfnuninni og eins styrkti klúbburinn LCIF alþjóðarhjálparsjóðinn með fjárframlagi.

Nýr félagi var tekinn inn í klúbbinn og minnkaði meðalaldur félaganna nokkuð við hann. en það var Jón Egill Jónsson en hann er þriðji ættliðurinn til að ganga í klúbbinn.

Á þessum fundi kvaddi okkur góður félagi Jóhannes H. Hauksson en hann er fluttur til Húsavíkur og er þegar farinn að mæta á fundi þar lionsfélögum í Húsavík til mikillar ánægju enda hagarðingur mikill með létta skapið í farteskinu.

Stjórn næsta starfsárs var kynnt og eftir góða kvöldstund héldum við út í sumarið

Porkell Cýrusson fréttaritari

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions faánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lionsklúbbur Vestmanneyja



Söfnunarátakið Rauða fjöðrin sem Lions stendur fyrir um allt land fer fram um helgina. Krakkar munu banka uppá í hverju húsi í Vestmannaeyjum og safna, bæjarbúar eru hvattir til að taka vel á móti þeim.

Afrakstri af sölu Rauðu fjaðrarinnar þetta árið verður varið til kaupa á „Augnbotnamyndavél OCT“ (optical coherence tomography). Þetta er tæki til myndgreiningar á augnbotnum, sjónhimnu og sjóntaugum. Það mun nýtast við greiningar og eftirlit á augnsjúkdómum sem og við fræðslu fyrir notendur. Myndrannsóknin tekur bæði til yfirborðs ásamt því að sýna dýpri lög, eins konar sneiðmyndataka af sjónhimnu og

sjóntaug og veitir því mun ítarlegri upplýsingar en hefðbundin augnbotnamyndataka. OCT þykir í dag og er til framtíðar nauðsynlegt tæki við eftirlit á t.d. hrörnun í augnbotnum, sem er algengasti augnsjúkdómur meðal eldra fólks. Tækið nýttist einnig fyrir aðra hrörnunarsjúkdóma í augum. Hvert tæki kostar um 10.000.000 kr. Breytingar á augnbotnum er einn fylgifiska sykursýki en tengsl eru milli sykursýki og blindu.

Guðmundur Jónsson Lkl Bjarma

Fréttir af Lionsklúbbnum Tý



Keilumeistarar 2019, Jóhannes Karlsson, Ásbjörn Björnsson, Jónas Ágústsson og Stefán Valur Pálsson.



Galvaskir sölumenn Rauðu fjaðrarinnar á alþjóðafþingi Lions á dögunum. Kristján Kristjánsson, Jónas Ágústsson, Birgir Úlfsson og Gunnar Þór Geirsson.



Frá afhendingu Melvin Jones viðurkenninga í desember. Lárus Pálsson gjaldkeri, Jóhannes Karlsson MJ, Birgir Úlfsson formaður, Örn Herbertsson MJ, Björn Þorvaldsson ritari.

Enn tórir Týr! Okkur félögum hefur ekki tekist að fjölga varanlega í klúbbnum, en hann heldur þó enn sínum 19 félögum. Nokkrir þeirra eiga þó erfitt með mætingu vegna heilsu-brests eða langdvala erlendis en reyna að koma á fundi þegar tækifæri gefast og vilja enn vera félagar. En þrátt fyrir fámenni er starfið á fullum gangi. Við höfum ekki haft neina fjáröflun í gangi nýlega, en höfum sinnt vinnuverkefnum í viðhaldsvinnu á Reykjadalshöfðum heimilinu, mælt blóðsykur, selt rauða fjöður og lagt hjálparsjóðum Lions lið. Haldin hefur verið keilukeppni árlega og eiginkonum boðið á adventuhátíð og vorgungill. Í vetur bættust okkur tveir Melvin Jones félagar,

þeir Jóhannes Karlsson og Örn Herbertsson, þannig að af þessum 19 félögum eru 13 M. J. félagar!

Fundir hafa lengst af verið í Lionsheimilinu og félagar pantað mat en skipst sjálfir á um framreiðslu. Nú hafa menn reynt fyrir sér á fleiri stöðum og kann að verða breyting á staðarvali og tíma.

Björn Þorvaldsson



Hér eru þeir Jónas Ágústsson og Lárus Sveinsson í fullum skrúða „butlera“ í Lionsheimilinu. Framtíð klúbbsins hefur alloft verið rædd á síðustu fundum, en víst er að Týr mun ekki leggja upp laupana á næstummi!

Frá Lionsklúbbi Akureyrar

Félagar í Lkl. Akureyrar ásamt eiginkonum fögnuðu lokum starfsársins á veitingahúsinu Verbúð 66 í Hrísey laugardaginn 11. maí s. l. Eftir komu til eyjarinnar um kl. 18.00 þáðu allir léttar veitingar í sumarhúsi formannsins, Jóhannesar Áslaugssonar og konu hans Marínu Sigurgeirsdóttur, en Jóhannes er fæddur og uppallinn Hríseyingur. Eftir góða viðveru hjá formannshjónunum var tölt í Verbúð 66 þar sem biðu okkar góðar og vel fram bornar veitingar í afslöppuðu og þægilegu umhverfi.

Meðan á borðhaldi stóð héldu nokkrir félagar ræðustúfa og fóru með gamanmál. Gjaldkeri sagði frá kynnum sínum af Hríseyingum og þakkaði þeim fyrir að hafa umliðið sig og reynst sér vel þegar hann kom til eyjarinnar fyrir 57 árum, þá 18 ára unglingur, til að gerast þar kennari. Um leið minntist hann kynna sinna af mannlífi og einstaklingum sem þá voru áberandi í samfélagi íbúanna. Síðbúiin afhending 100% mætingarmerkja fyrir starfsárið 2017 – 2018 fór fram en þau hlutu sex félagar; fjórir voru mættir til að veita þeim viðtöku. Eftir ánægjulegt kvöld var eyjan yfirgefin og siglt til lands kl. 23.00.

Í tilefni af fyrirhugaðri komu alþjóðaforsætans, Guðrúnu Bjartar Ingvadóttur, til Akureyrar s. l. haust var ákveðið að gera Sigurd Halldórsson að Melvin Jones féлага. Hins vegar varð ekkert af komu alþjóðaforsætans vegna ófærðar í lofti og á landi og viðurkenningarskjöldurinn barst ekki í tíma. Hann kom loks í hús í mars og var hann afhentur Sigurði á fundi klúbbsins 28. þess mánaðar.

Fjáröflun klúbbsins var með hefðbundnum hætti. Gefið var út og selt dagatal fyrir árið 2019 og jóladagatalinu dreift til sölu í verslunum að venju. Sala á því hefur hins vegar farið hraðminnkandi á s. l. árum og blikur eru á lofti um að þeirri fjáröflun verði hætt. Verkefnasjóður



Sigurður Halldórsson tekur við Melvin Jones viðurkenningu. Með honum á myndinni eru: Jóhannes Áslaugsson formaður til vinstri og Bjarni Kristjánsson ritari



Heimir Áskelsson nýr félagi ásamt formanni og ritara klúbbsins.



Lionsklúbbur aftendir styrki

hafði þrátt fyrir þann samdrátt úr töluverðu fé að ráða og 23. apríl voru tíu aðilum afhentir styrkir að upphæð kr. 2.020.000,00.

Pau tímamót eru nú framundan að klúbburinn þarf að sjá að baki því húsi sem hann hefur haft til afnota endurgjaldslaut frá Akureyrarbæ í um 20 ára skeið. Allmiklar umræður urðu um það hvernig skyldi bregðast við og m.a. voru könnuð kaup á húsnæði. Niðurstaðan varð sú að slík kaup kæmu ekki til greina við núverandi aðstæður. Til þess hefði klúbburinn ekkert bolmagn nema sækja kostnaðinn í vasa félaganna og það kom einfaldlega ekki til álita. Sú niðurstaða leiddi okkur til samninga við Lkl. Hæng um afnot af

húsnæði þeirra og verða fundir klúbbsins haldnir þar á næsta starfsári. Þá verða allir Lionsklúbbarnir á Akureyri þar með aðstöðu til fundarhalds. Núverandi stjórn telur að í því geti falist sóknarfæri fyrir alla klúbbana hvað varðar samstarf og samvinnu sem geti komið öllum til góða.

Einn félagi sagði sig úr klúbbnum og einn kom í staðinn; Heimir Áslaugsson, og fór inntökuathöfnin fram 11. apríl s. l. Félagafjöldinn er því óbreyttur eða 17. Núverandi stjórn situr áfram næsta starfsár.

Stjórn Lkl. Akureyrar

Lionsklúbburinn Agla Borgarnesi

Starfið hjá okkur hefur verið með hefðbundnu móti í vetur. Hér á myndinni má sjá féлага í klúbbnum þegar við vorum á mjög skemmtilegum, þjóðlegum fundi“. Þarna áttum við góða stund og borðuðum góðan þjóðlegan mat, kótilettur ásamt meðlæti og Royal búðing í desert.

Elfa Hauksdóttir



Fréttir frá Lionsklúbbnum Hörpu Stykkishólmi

– starfsárið 2018-2019

Sælir kærur félagar um allt land. Við í Lionsklúbbnum Hörpu byrjuðum veturinn á því að hittast í byrjun september 2018 til að stilla saman strengi fyrir veturinn. Reyndar hittumst við aðeins fyrr þ.e í ágúst og sáum um þrif á Tónlistaskóla bæjarins og talningu í Bónus. 36 konur byrjuðu af krafti í haust en því miður fækkaði í hópnum fyrir áramót þegar að 3 konur hættu hjá okkur. Við höfum ekki náð að fjölga aftur en við vinnum í því. Við ákváðum á fyrsta fundi okkar að þema vetrarins væri kærleikur og höfum verið að vinna með þemað í vetur.

Samfundur á Vesturlandi var í okkar höndum þennan veturinn. Í byrjun október tókum við á móti Lionskonum á Snæfellsnesi, þ.e Lionsklúbbnum Rán Ólafsvík, Lionsklúbbnum Pernum Hellissandi og svo komu Lionskonur úr Grundarfirði til okkar í fyrsta skipti. Um 70 konur af Nesinu komnar saman til að skemmta sér og hver annarri. Við áttum saman frábært kvöld þar sem við borðuðum saman, fórum yfir starf klúbbanna, sungum og trölluðum fram eftir kvöldi.

Að öllu jafna eru fundir okkar haldnir mánaðarlega, fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði. Við erum með matarfundi, þ.e. í byrjun starfsárs skiptum við konum niður í flokka sem svo halda utan um fundi skv. félagaskrá. Við seljum okkur matinn og fer sá peningur í félagasjóð. Skemmtiatriði eru oftast heimatilbúin en stundum fáum við fyrirlesara. Í vetur fengum við tvo fyrirlesara, Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttir sem fór með okkur yfir jákvæða sálfræði. Mjög hnitmiðað og skemmtilegt. Fékk það konur til að hugsa um hvað stutt er á milli þess að við brjótum okkur niður og hvað við getum gert til að koma jákvæðninni inn aftur. Á síðari fyrirlestrinum, var það heimastúlkan Guðrún Magnea sem sagði okkur frá heilabilun og frá þeim breytingum sem verða oft á huga eldra fólks. Guðrún Magnea er tengill fyrir Alzheimer samtökin í Stykkishólmi.

Eins og allir klúbbar erum við allan veturinn í fjáröflunum. Okkar helsta fjáröflun eru alls konar þrif, þrif á söfnum bæjarins, sumarhúsum og það sem til fellur. Einnig fórum við í vöru-




Afhending gjafabréfs Royal Rangers skátar



Afhending stóls til Dvalarheimilis



Samfundur í október- glens og grín



Kirkjufell



Lionskonur á Snæfellsjökli



Sigfríð umdæmissjóri kom í heimsókn



Stjórnarskipti



Bingó kvöld með Lionsklúbbi Stykkishólms



Þrif í Tónó - tuskan á lofti

talningar í Bónus 2x ári og síðan bókum við fyrir jól og páska. Samfélagið í kringum okkur nýtur góðs af og höfum við verið að gefa fyrirtækjum og stofnunum hér í Stykkishólmi pening eða hluti sem þeim vantar. T.d. fór ágóði síðasta kökubasars til Skátastarfsins Royal Rangers hér í Stykkishólmi og svo keyptum við rafknúinn hægindastól fyrir Sjúkrahúsið í Stykkishólmi. Fyrir vorum við búin

að gefa samskonar stól á Dvalarheimilið í Stykkishólmi.

Alla jafna tókum við þátt í alls konar starfi sem tengist Lions. Í nóvember var Blóðsykursmælingin, þetta árið breyttum við aðeins til. Við ákváðum að vera með mælinguna í Bónus (höfðum áður verið í Lionshúsinu) Þessi nýbreyttni lagðist vel í bæjarbúa og var þátttaka um 80 manns og var það

helmings aukning frá því sem áður var. Í apríl tókum við þátt í sölu á Rauðu fjöðrinni. Við ákváðum að ganga í hús í Stykkishólmi og safnaðist þó nokkur peningur. Í þessum tveimur verkefnum vorum við í samstarfi við Lionsklúbb Stykkishólms.

Lokafundur okkar Hörpukvenna þetta árið var haldinn laugardaginn 11. maí sl. þar sem farið var í dagsferð út á Snæfellsnesið. Við byrjuðum á að fara í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit og fengum leiðsögn um safnið. Fengum þar súpu og brauð ásamt smakki af hinum viðfræga hákarli. Stjórnarskiptin fóru þar fram. Þá lá leiðin í gegnum Grundarfjörð og gátum við ekki annað en stoppað við hið fallega Kirkjufell og Kirkjufellsfoss. Í Ólafsvík tók svo á móti okkur rúta sem fór með okkur í ævintýraferð.

Við skelltum okkur á jökul, Snæfellsjökul. Veðrið var dásamlegt og því skartaði Jökullinn sínu fegursta. Ferðin tók u.þ.b. 3 klst og það voru því þreyttar og sælar konur sem komu niður af Jöklinum. Þess má geta að meiri hluti kvenna sem fór upp hafði aldrei komið á Jökulinn, þrátt fyrir það að hafa alist upp á Snæfellsnesi alla sína tíð. Borðuðum svo á veitingastaðnum Sker sem er nýr veitingastaður í Ólafsvík. Frábært matur. Mælum við eindregið með Snæfellsnesinu sem áfangastað fyrir alla hópa.

Mikil tilhlökkun er nú hjá konum í klúbbnum. Tuttugu konur úr klúbbnum ætla að leggja land undir fót og skella sér til Amsterdam. Farið verður á næsta starfsári, í október. Þetta er í fyrsta sinn sem konur úr

Lionsklúbbnum Hörpu fara saman erlendis á allri starfsævi klúbbsins sem spannar 25 ár. En Lionsklúbburinn Harpa var stofnaður þann 6. apríl 1994. eru konur því orðnar spenntar fyrir næsta starfsári.

Við Hörpukonur óskum þess að þið eigið gott sumar og að allir Lionsmenn og -konur komi inn í starfið í haust með tilhlökkun og gleði í hjarta.

Lions og sumarkveðjur, Kristín H. Viðisdóttir ritari.



Snæfellsjökull

Minning + Ásgeir Jónsson



*Ásgeir Jónsson Lkl. Hafnarfjarðar
Fæddur 30. apríl 1945
Látin 17. apríl 2019*

*Deyr fé,
deyja frændur,
deyr sjálfur ið sama;
en orðstír
deyr aldregi,
hveim er sér góðan getur.
(Úr Hávamálum)*

Fallin er frá allt of fljótt, góður vinur og Lionsfélagi okkar Ásgeir Jónsson. Það er með söknuði og virðingu sem við félagar hans í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar kveðjum góðan dreng. Ásgeir gekk til liðs við okkur seinni hluta árs 1991 og var strax mjög virkur félagi í klúbbnum. Þarna var mættur eldhugi sem kom með ferskar hugmyndir inn í okkar starf, sem þjónar samfélagsins. Ásgeir var kraftmikill hugsjónamaður sem fann vettvang við sitt hæfi í Lionshreyfingunni þar sem menn og konur geta látið gott af sér leiða fyrir þá sem þurfa á hjálp að halda.

Leiðir okkar Ásgeirs lágu saman mun fyrr, enda sveitungar ef svo má segja og samstarfsfélagar til margra ára er ég sá um viðgerðir fyrir Íslensk Matvæli. Margt var brallað á yngri árum eins og vera bar hjá okkur vinunum með lífsförunautunum okkar þeim Drífu og

Mariú. Skroppið á þorrablót í sveitina og það í kafa byl auðvitað með góða skapið og lífsgleðina í farteskinu. Þegar við vorum svo orðnir settlegir Lionsmenn urðu þetta fjölskylduferðir á vit ævintýra með börnunum okkar og eiginkonum. Það er með gleði og þakklæti sem við María og dætur okkar hugsum til ykkar elsku Drífa, Þóra Birna og Ingi Björn.

Í áratugi vorum við svo nágrannar hér í Smyrlahrauninu og lágu m.a. bílskúrnarnir okkar saman, svo oft var mikið skrafað milli bílaþvotta og annarra verka. Gott var að tylla sér niður með súkkulaði, kaffibollann og hlusta á góða tónlist í stúdíóinu eða ræða Lionsmálin. Nú vantar Geira vin minn hér á hlaðið með þvottakústinn, góða skapið og glettnina. Betri vin og nágranna er vart hægt að hugsa sér, mun ég því oft líta yfir og minnast stundanna okkar og sakna vinar míns, sem fór allt of fljótt.

Sem fyrrverandi leiðtogi Lionshreyfingarinnar á Íslandi og félagi í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar, vil ég þakka Ásgeiri Jónssyni fyrir störf hans í þágu samfélagsins og innlegg hans í Lionshreyfinguna. Gott hefði verið að fá að njóta krafta hans lengur, en engin veit sína ævina fyrr en öll er.

Fyrir hönd félagana í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar sendi ég mínar dýpstu samúðarkveðjur til fjölskyldu hans, með þakklæti fyrir lánið, á þessum góða dreng. Megi minning hans lifa.

Björgúlfur Þorsteinsson

Lionsklúbburinn Úa



Stjórn næsta starfsárs



Svafa sæmd Melvin Jones



Nýjir félagar og Kristín sæmd Melvin Jones

Lionsklúbburinn Úa á því láni að fagna að stöðugt bætast fleiri góðar konur í hópinn. Á aprílfundi klúbbsins voru teknir inn tveir nýir félagar sem hafa setið allmarga fundi í vetur og litist vel á. Svo skemmtilega vildi til að Björg Bára Halldórsdóttir var í heimsókn á aprílfundinum og aðstoðaði hún við inntökuathöfnina. Á þessum fundi afhentum við einnig viðurkenningu Melvin Jones til Kristínar Davíðsdóttur. Einn fyrrverandi félagi kom aftur í klúbbinn síðastliðið haust og var vitanlega vel fagnað. Úrnar eru núna 27 talsins.

Laugardaginn 11. maí 2019 fórum við Úrnar í okkar árlegu vorferð, sem að þessu sinni var óvissuferð og án maka. Lagt var af stað úr Mosfellsbænum kl. 11:30 og ekið austur í Hveragerði þar sem garðyrkjustöðin Flóra og Skyrgerðin voru heimsóttar. Eftir að keypt höfðu verið sumarblóm og tré, hlustað á kynningu á skyri og það smakkað snæddum við nesti í almenningsgarðinum við Varmá.

Næsti viðkomustaður var Selfoss þar sem við kíktum í Freistinga-sjoppuna og gerðu margar okkar góð kaup á hannyrðavörum. Því næst

var stefnan tekin á Eyrarbakka þar sem við heimsóttum Valgeir og Ástu í Bakkastofu og áttum góða fræðslu- og tónlistarstund.

Síðasti viðkomustaður var veitingastaðurinn Hendar í höfn í Þorlákshöfn þar sem við snæddum dýrindis kvöldmat og, eins og kvenna er siður, nýttum við tímann vel og gerðum G. Svöfu Harðardóttur að Melvin Jones féлага og höfðum stjórnarskipti. Næsta stjórn klúbbsins verður þannig skipuð að Dagný Finnsdóttir verður formaður, Sonja I. Einarsdóttir ritari og G. Svafa Harðardóttir gjaldkeri. Síðan héldum við heim á leið, glaðar í bragði eftir góðan dag.

Þess má geta að hugmyndirnar að því hvað við gætum gert í vorferðinni okkar voru fengnar að láni úr síðustu Lionsblöðum en þar höfðu nokkrir klúbbar skrifað um hvað þeir hefðu gert skemmtilegt í sínum ferðum. Kunnum við þeim og blaðinu okkar bestu þakkir fyrir.



Nestisstopp



Blómárosir



Í garðinum við Varmá



Á Bakkastofu

Lionsklúbbur Skagafjarðar hlaut Landgræðsluverðlaun fyrir gagnmerkt uppgræðslustarf á Goðadalafjalli

Lionsklúbbur Skagafjarðar hlaut Landgræðsluverðlaun Landgræðslunnar þann 11. apríl – og ekki að ófyrirsynju því félagar klúbbsins hafa gengið á undan með góðu fordæmi þegar kemur að landgræðslu. Það var árið 2005 að félagarnir ákváðu að ganga til samstarfs við bændur á Goðdölum í Vesturdal, um uppgræðslu lítt gróinna og uppblásinna svæða á Goðdalafjalli í Skagafirði. Helsti hvatamaður að þessu samstarfi var Borgar heitinn Símonarson, bóndi í Goðdölum og einn af stofnendum Lionsklúbbs Skagafjarðar.



Vindsorfið rofabörð; minnisvarði um liðna tíð. Ragnar Gunnlaugsson t.v og Arnór Gunnarsson.



Hér hafa rofabörð verið jöfnuð út og sárið þakið með heyi.



Lionsmenn í uppgræðsluferð. Frá vinstri: Sigurður Sigfússon, Vík, Ragnar Gunnlaugsson, Hátúni, Gísli Gunnarsson, Glaumbæ, Sigurjón Ingimarsson, Holtskoti, Haraldur Hjalti Bjarnason, Varmahlíð, Árni Sigurðsson, Marbæli, Steinn Rögnvaldsson, Hrauni og Valdimar Eiríksson, Vallanesi.



Frá verðlaunaafhendingunni á Grand Hótel í Reykjavík. Frá vinstri: Bjarni Maronsson, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra, þá Lionsmennirnir Ragnar Gunnlaugsson, Guðmundur Pálsson, Árni Sigurðsson, Þórolfur Pétursson, Gísli Gunnarsson, Sigurjón Ingimarsson og Kristján Kristjánsson, formaður klúbbsins. Næst eru Goðdalahjónin, Smári Borgarsson og Sigríður Sveinsdóttir og yst til hægri Árni Bragason, landgræðslustjóri.

70 rúllur í rofabörð

Verkefnið hófst 25. júní 2005. Þá dreifðu Lionsmenn 70 heyrúllum í rofabörð og á uppblásturssvæði. Byrjað var að dreifa tilbúnum áburði árið 2006 og hefur það verið gert árlega síðan. Þann hluta verksins annast Smári Borgarsson, bóndi í Goðdölum, í samráði við Landgræðsluna og hafa þau Goðdalahjón og þeirra fólk, reynst öflugir liðsmenn við uppgræðslustarfið.

Hálfur kílómetri af rofabörðum

Á uppgræðslusvæðið á Goðdalafjalli er nú búið að dreifa samtals 41,8 tonnum af áburði, auk 665 kg af landgræðslufraei og 1334 heyrúllum. Búið er að jafna út rúmum 500 metrum af háum rofabörðum og dreifa heyi og áburði í sárin. Tæplega 100 hektarar hafa verið teknir til uppgræðslu og enn bíða stór svæði aðgerða.

Mikill árangur af starfi Lionsklúbbsins

Landgræðsla á Goðdalafjalli hefur gengið sérlega vel og skilað miklum árangri. Góð gróðurþekja er komin í elsta hluta uppgræðslunnar og uppgræðslusvæðið er stækkað árlega.

Verkefnið hefur verið styrkt af Landbótasjóði Landgræðslunnar, sem er með höfuðstöðvar sínar að Gunnarsholti á Rangárvöllum.

Tvær landgræðsluferðir hvert sumar

Á hverju sumri fara Lionsfélagar tvær landgræðsluferðir á Goðdalafjall með traktora og flutningavagna, hlaðna heyrúllum, um 60-80 km leið og dreifa úr rúllunum á uppgræðslusvæðið. Klúbbfélagarnir eru jafnan boðnir og búnir að leggja til vélar, vagna og önnur verkfæri, auk þess að útvega heyrúllur.

Mikil stemning og efling félagsanda

Verkefnið hefur eflt félagsanda og samvinnu meðal félaga í Lionsklúbbi Skagafjarðar, og aukið með þeim landlæsi og umhverfisvitund. Jafnan er mikil stemning kringum landgræðsluferðirnar. Á Goðdalafjalli má sjá hve miklum árangri landgræðslufólk getur náð í landbótum, þegar áhugi, þrautseigja og vilji til góðra verka ráða för. Verkin sýna merkin.

Landgræðsluverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn á Ársfundi Landgræðslunnar á Grand Hótel þann 11. apríl síðastliðinn. Lionsklúbbur Skagafjarðar deildi verðlauninum með ábúendum á Goðdölum, þeim Sigríði Sveinsdóttur og Smára Borgarssyni. Verðlaunagripirnir tákna það fjöregg, sem gróður og náttúra landsins er Íslendingum.

Hvað er að fréttu af Lionsklúbb Selfoss á þessu starfsári sem er senn á enda?



Hluti félagsmanna Lionsklúbbs Selfoss



Fyrir fyrsta fund vetrarinnss budum við fjölskildum og vinum til leikja og grills á Ljónaflötinni í Hellisskógi

Starfið hófst með pylsugrilli fyrir félag, maka, börn og barnabörn á Ljónaflöt í Hellisskógi sem er rétt fyrir utan Selfoss og mættu þar um 60 manns, börn og fullorðnir. Ljónaflöt er svæði sem Lionsklúbbur Selfoss(Lks) hefur tekið í fóstur og hafa félagar plantað trjám, slegið gras, lagt göngustíga og nú síðast sett upp fánastöng. Hvet ég alla sem leið eiga um skógin að líta við. Fyrsti formlegi fundur var haldinn mánudaginn 17. sept í Eldhúsinu, Tryggvagötu en það er okkar fundarstaður. Við fundum fyrsta og þriðja mánudag fram í maí alls 16 fundi. Þessi fyrsti fundur var no 906 hjá Lionsklúbbi Selfoss.

Á fundina fáum við oft góða gesti eða förum í kynningarferðir og skoðum áhugaverð fyrirtæki, stofnanir eða staði.

Ein af stærri fjáröflunum okkar er kótilettukvöld. Þar bjóða félagar vinum og vanda mönnum til mikillar veislu sem er í höndum skemmtilettunefndar. Að þessu sinni fengum við veislustjóra til liðs við okkur og var það Hermann Árnason Sæðingamaður sem tók það að sér. Tónlistaratriði var flutt af Sibba trúbador og fjölskyldu, ásamt því að Sibbi spilaði undir fjöldasöng. Þeir sem komið hafa á kótilettukvöld Lks og hafa heyrt og ekki síst

séð okkar frábæra uppboðshaldara gleyma því seint svo ekki verði meira sagt en til að vita meira verða þeir að mæta á næsta kótilettukvöld sem verður haldið 26 okt.

Við stóðum fyrir blóðsykursmælingu í Krónunni þann 10. nóv ásamt Lionsklúbbum Emblu og gekk það mjög vel og er það orðinn fastur liður hjá mörgum að koma í árlega mælingu hjá Lions.

Jólablað Lks var borið í hús upp úr miðjum nóvember og er það okkar stærsta fjáröflun en það er í höndum blaðanefndar að setja saman blaðið. Við leitum til fyrirtækja um kaup á



Blóðsykursmæling í Krónunni, samvinnu með Emblums



Heimsókn í Líntré á Flúðum



Úlfur Eggertsson gekk í klúbbinn og fær hér merkið í barminn hjá meðmælandanum, Eiríki Erni Baldurssyni



Klúbburinn í heimsókn hjá Brunavörnum Árnésinga



Óskar Þór Óskarsson gekk í klúbbinn á vordögum, tekur við kveðjum frá Sigurði Magnússyni formanni



Ólafur Hafsteinn Jónsson og Theodor Francis Birgisson sjá um uppboðið á Kótiletukvöldinu



Félagar skeggræða á lokafundi

aulýsingum til að setja í blaðið og vil ég nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem lögðu okkur lið í ár og hafa gert í mörg undanfarin ár, TAKK.

Í desember kom Sibbi trúbador að máli við okkur og óskaði eftir samstarfi um jólatónleika. Það er skemmt frá því að segja að við slógum til, héldum tónleika í Tryggvaskála 20. des og rann allur ágóði í sjóðinn góða á Suðurlandi. Þar komu einnig nokkur fyrirtæki að sem hjálpuðu okkur við framkvæmdina.

Leikhúsférfarir var farinn í byrjun mars og fórum við með langferðabíl út í Hveragerði þar sem byrjað var í mat á Hver restaurant í Hótel Örk og síðan í leikhús þeirra Hvergerðinga til að sjá Tvo Tvöfalda og var það hin besta skemmtun.

Tveir nýir félagar voru teknir inn í Lks á árinu, það voru þeir Úlfur Eggertsson og Óskar Þór Óskarsson sem gengu í klúbbinn og bjóðum við þá velkomna.

Eitt af verkefnum Lks er að þjóna samfélaginu og láta gott af okkur leiða. Styrkveitingar eru fastur liður í okkar starfi og höfum við í gegnum árin styrkt fjölmarga aðila. Enginn breyting varð á því á þessu ár. Styrkþegar að þessu sinni voru Héraðsskjalasafn Árnesinga, Þjóðleikur, Sjóðurinn góði, Krabbameinsdeild HSU og LCIF (Alþjóða hjálparfélag Lions)

Lokafundur var haldinn 17.maí, fundur 921. Farið var austur í Flóa og byrjað á því að skoða Flóaáveituna og farið upp að flóðgátt þar sem léttar veitingar voru í boði. Að því loknu var farið í heimsókn í Ölvisholt og bruggverk-

smiðjan skoðuð og smakkað á framleiðslunni. Voru menn kátir eftir þá heimsókn. Eftir þessa góðu heimsókn í Ölvisholt var farið að Hnaus og tekið hús á 360 hóteli og kvöldmat snæddur og hótelið skoðað.

Eins og sjá má á þessari upptalningu er margt gert í Lions bæði í leik og starfi. Að vinna þessi verk og eiga góðar stundir með góðum félögum, kynnast nýju fólki og gefa af sér gerir það að verkum að ég vill vera meðlimur í Lions.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Selfoss
Sigurður Magnússon formaður.

Söfnun fyrir Grensásdeild

Undanfarna mánuði hefur Lionsklúbburinn Fjölnir staðið fyrir söfnun fyrir Endurhæfingardeild Landspítala við Grensásveg. Söfnunin fór fram með símasölu DVD-diska og mun henni ljúka nú í lok maí-mánaðar. Tilgangur söfnunarinnar er að gera deildinni kleift að endurnýja nauðsynleg tæki og búnað. Mikið álag er á öllum búnaði deildarinnar, bæði sjúkrarúmum, hjólastólum og æfingataekjum og tæknilegar framfarir gera ekki síður nauðsynlegt að endurnýja þennan búnað reglulega. Nú í vetur endurnýjaði klúbburinn tölvustýrð stjórn tæki fyrir raförvunartæki sem notað er til að þjálfa mænuskaðaðra. Meðfylgjandi mynd var tekin þegar tækið var formlega afhent en viðtakandi formaður Lkl. Fjölnis, Hrannar Baldvinsson, situr í tækinu, en viðstödd afhendingu voru nokkrir félagar Lkl. Fjölnis og starfsfólk Grensásdeilda. Fyrirhugað er að kaupa frekari búnað til notkunar við sjúkraþjálfun á næstunni.

Aðalverkefni Lionsklúbbsins Fjölnis mörg undanfarin ár hefur verið stuðningur við Krýsuvíkursamtökin og lagði klúbburinn samtökunum lið við að kaupa búnað í áfangaheimili sem þau opnuðu í Sjónarhóli í Hafnarfirði fyrir tveimur árum. Nú í vetur gaf klúbburinn áfangaheimilinu ísskáp með góðum stuðningi innflytjandans, Ormssons.

Ottó Schopka, félagi í Lkl. Fjölni



Rauð fjöður árið 2019

Björn Guðmundsson

formaður Rauðu fjaðrar nefndar



Á fjölumdamisþingi MD 109 sem haldið var í Reykjanesbæ vorið 2018 var samþykkt að fjölumdamíð stæði fyrir sölu Rauðu fjaðrarinnar helgina 5-7 apríl 2019. Jafnframt var samþykkt að söfnunarfénu skyldi ráðstafað til einhvers af kjarnamálefnum LCI.

Á fyrsta umdæmisstjórnarfundum vetrarins fór fram umræða um hvaða málefni skyldi styrkja og var tillaga GST hópsins sú að styrkja ætti börn með sykursýki. Það er rétt að geta þess að miklar umræður urðu um málefnið og vildu margir horfa til þeirra stóru vandamála sem eru uppi í samfélaginu tengdum, fíknivanda ungmenna, sjálfsvígum og geðrænum vandamálum ungmenna sem margir telja að sitji hjá garði við úthlutun opinbers fjár. Afstaða fundarins var sú að ekki væri heimilt að þessu sinni að veita fjármunum annað en til einhvers af kjarnamálefnum hreyfingarinnar.

Nefndin kom saman í lok janúar 2019 og vann hratt og örugglega.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var birgðastaða yfirfarin, gróflega má segja að um 350 söfnunarbaukar hafi verið til og um 49.000 fjaðrir. Fjaðrirnar voru í misjöfnu ásigkomulagi enda sumar frá síðustu öld. Við tókum þá ákvörðun að nota það sem til var af fjöðrum og farga síðan restinni. Auk þess voru prentaðar um 30 þús. límmiðar með mynd af rauðri fjöður.

Samstarfsaðilar utan Lionshreyfingarinnar

Við framkvæmd svona söfnunar þarf Lionshreyfingin að eiga samstarf við fjölmarga aðila. Allir þeir aðilar sem urðu samstarfsaðilar okkar nú stóðu sig frábærlega og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Það verður þó að segjast eins og er að erfitt var að fá svör frá sumum af fyrri samstarfsaðilum.

Íslandsbanki annaðist fjárvörslu vegna söfnunarinnar. **Samskip** gaf alla flutninga innanlands. **Samhentir** kassagerð gáfu alla kassa undir söfnunargögn. **Borgun/Verifone** leigðu okkur posa, við fengum 35% afslátt af gjaldskrá. Það er rétt að geta þess að töluverð vinna er við hvern posa við að stilla og síðan að afstillja þá eftir notkun. **Vert auglýsingastofa-Guðjón** hefur verið samstarfsaðili hreyfingarinnar áður við Rauðu fjaðrar söfnunina, hann annaðist einnig samskipti við auglýsingamiðla. **Litlaprent** annaðist alla prentun eftir verðkönnun frá Guðjóni.

Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir frábæra fagmennsku á allan hátt.

Að lokinni söfnun

Nú þegar söfnun er lokið þarf að vinna að uppgjöri, afhendingu á gjöfnum og um leið þarf að huga að því að gera klárt fyrir næstu söfnun. Viljum við selja fjaðrirnar áfram, eða viljum fá litla barmnælu eins og seld er t.d. í Noregi. Við áttum um 350 bauka og leggjum til að fljótt verði keyptar fjaðrir og tryggt sé að við getum fengið bauka með skömmum fyrirvara, sá kostnaður verði gjaldfærður á uppgjör RF 2019, enda vorum við að nota eldri birgðir þetta árið.

Niðurstaða

Framkvæmd gekk vel, gengið var hart eftir því að safna saman söfnunargögnum og koma þeim til talningar, 10 dögum eftir söfnun var búið að skila öllum posum og telja úr öllum baukum. Það verður að teljast mjög gott en gerist ekki nema með því að vel sé haldið utan um öll gögn og skráningar séu fullkomnar. Lykilatriði er að hver nefndarmaður beri ábyrgð á ákveðnum svæðum/svæðisstjórum.

Það virðist hafa reynst klúbbunum erfitt að manna söfnunina. Þó virðist almenningur hafa verið jákvæður gagnvart Lionsfélögum og þekkja Rauðu fjöðrina vel. Of margir klúbbar voru ekki með og söknum við sérstaklega klúbbanna af höfuðborgarsvæðinu en þar eru flestir kunnarnir og tapið því mikið að ná ekki að manna alla mögulega sölustaði.

Markmiðið var að safna fyrir tveimur Augnbotnamyndavélum, kostnaður vegna þeirra er um kr. 12,4 mkr. utan við vsk. söfnunarféð er um kr. 16 mkr. kostnaður er um kr. 2,5 mkr. þannig að við náum að ljúka þessu verkefni.

Í Rauðu fjaðrar nefndinni voru:

Pétur Már Jónsson, Lkl. Víðarri
Kristín Davíðsdóttir í Lkl. Úu í Mosfellsbæ
Einar Bjarnason, Lkl. Grindavíkur
Elín Halldóra Hermannsdóttir, Lkl. Æsa
Bragi Ragnarsson Lkl. Mosfellsbæjar
Björn Guðmundsson Lkl. Hængur

Björn Guðmundsson,
formaður Rauðu fjaðrar nefndar



Við leggjum lið

Björgum börnum frá mislingum

Lionsklúbburinn Rán Ólafsvík

Í febrúar tókum við inn nýjan félagan en það er hún Anna Björk Guðjónsdóttir og bjóðum við hana velkomna.

Þrjú stofnfélagar í Lionessu- og Lionsklúbbnum Rán Ólafsvík, Guðrún Karlsdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir og Sigríður Þóra Eggertsdóttir voru sæmdar Melvin Jones orðu hjá Ráninni og óskum við þeim innilega til hamingju.

Á sumardaginn fyrsta förum við alltaf a Dvalarheimilið Jaðar og spilum bingó og bjóðum upp á flottar kræsingarnar með kaffinu. Á Jaðri er alltaf gaman að koma og skapast oftast mikil spenna þegar spilað er um sherry flöskuna.

Við í Lionsklúbbnum Rán og Lionsklúbbur Ólafsvíkur gáfum Dvalarheimilinu gjöf á sumardaginn fyrsta og að þessu sinni færðum við þeim handlyftu Sara 3000 sem mun koma að góðum notum fyrir starfsfólkið.

Það er alltaf líf og fjör hjá okkur í Ráninni, lokafundurinn var hjá okkur 30. apríl og héldum við hann á Hótel Glym. Allar konur fengu glaðning frá nefndinni þegar þær mættu á svæðið, svo var fundað, borðaður góður matur og glens og grín fram eftir kvöldi. Á lokafundinum hefur skapast sú hefð að tilnefna konur eftir veturinn og að þessu sinni var það, sportdrollan, umskiptingurinn, fönðrarinn, like arinn, framanpotarinn og púkinn. Mjög svo skemmtilegt.

Við í Lionsklúbbnum Rán Ólafsvík óskum ykkur gleðilegt sumar og hafið það sem allra best.

*Þórey Úlfarsdóttir
Fjölmíðlafulltrúi*



Afmælishátíð Lionsklúbbs Kópavogs

Lionsklúbbur Kópavogs 60 ára – 1959-2019

Mikil og merk tímamót eru nú í sögu Lionsklúbbs Kópavogs. Klúbburinn var stofnaður þann 10 maí 1959 í Félagsheimili Kópavogs af ungum athafnamönnum úr bænum. Tuttugu og sex félagar voru á stofnfundinum og voru flestir á milli tvítugs og þrítugs. Nú 60 árum síðar héldum við upp á daginn með þremur stofnfélögum á níræðis- og tíræðisaldri.

Afmælishófið var haldið í veglegum veislusal Golfklúbbs Garðabæjar og Kópavogs í fögru umhverfi Vífilstaða að viðstöddum fjölda gesta. Hinn landskunnni og fjölhæfi Lionsmaður Einar Gunnar Bollason var veislustjóri.

*Eiríkur hélt árhátíð,
er hann slyngur maður.
Þjóðin ljóna fór þar fríð,
hver frú og drengur glaður.*

Svo orti Jónas Frímansson.

Skólahljómsveit Kópavogs tók á móti veislugestum með þéttri og vel útfærðri sveiflu. Unun var að hlusta á unglíngana spila fumlaut og af miklu öryggi hvert lagið á fætur öðru þó napur vindurinn léki um þau. Saga Lionsklúbbsins og hljómsveitarinnar er þétt ofin en klúbburinn stóð lengi vel undir kostnaði við einkennisbúning sveitarinnar og enn spila krakkarnir í þeim búningum.

Heiðursgestir

Í veislunni voru 90 manns, þar á meðal heiðruðu okkur eftirlifandi ekkjur þeirra félaga sem nú eru gengnir og ber það vott um þau sterku félagslegu bönd sem myndast innan Lions.

Heiðursgestir voru bæjarstjóri Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson og Hulda Guðrún Pálsdóttir eiginkona hans, Fjöllumdæmisstjóri Lions, Björg Bára Halldórsdóttir og Umdæmisstjóri 109A, Geirþrúður Fanney Bogadóttir og eiginmaður hennar Haraldur Árni Haraldsson.

Umdæmisstjóri 109B átti ekki heimangengt.

Stjórn Lionsklúbbs Kópavogs og afmælisnefndin

Strákarnir sem hafa verið í forsvari klúbbsins á afmælisárinu hafa staðið sig frábærlega og höndlað sérhverja áskorun af mikilli festu og sýnt sig vel vaxna til starfans. Afmælisnefndin sem sá um útgáfu hins veglega afmælisrits stóð í ströngu en afkrasturinn sýnilega mjög góður. Fer þar fremstur meðal jafningja Garðar Briem sem stóð í brú afmælisnefndar allan tímann, bestu þakkir fyrir það Garðar. Blaðið kom út örfáum dögum fyrir sjálf afmælið.



Skólahljómsveit Kópavogs. Unun var að hlusta á unglíngana spila



Kjaransorðan: Sigurður Kjartansson 93 ára var með "eldri" stofnfélögum en hann var tæplega 33 ára við stofnun hans, fæddur 1926. Grétar Kristjánsson 80 ára var tæplega 21 árs á stofnfundinum, fæddur 1938. Pétur Sveinsson, 82 ára var 22 ára við stofnun klúbbsins, fæddur 1936.



Meðlimir Lionsklúbbs Kópavogs. Á mynd, frá vinstri: Sigurður Kjartansson (Stofnfélagi), Sigtryggur P. Sigtryggsson, Sigurjón Sigurðsson, Hans Ágúst Einarsson, Gunnar Aðalsteinnsson, Ómar Þorsteinsson, Tómas Guðmundsson, Jón Magnús Kristinsson, Einar T. Jónsson, Garðar Briem, Davíð Gíslason, Sæmundur Alfreðsson, Jóhann B. Steinnsson, Jóhann D. Kristjánsson, Kristján Rafnsson, Sigurjón Arnlaugsson, Högni Guðmundsson, Einar G. Bollason, Halldór Friðrik Olesen, Pétur Eysteinnsson, Benedikt Blöndal, Páll Björnsson, Gísli H. Guðmundsson, Grétar Kristjánsson (Stofnfélagi), Jónas Frímansson, Örn Jónsson, Eiríkur P. Magnússon, Hafþór Hallgrímsson, Ingólfur Kristmundsson, Rafnar K. Karlsson, Ólafur H. Georgsson. Vantar á mynd: Ásvaldur Andrésson, Baldur Sigurgeirsson, Erlingur E. Erlingsson, Guðmundur Hannesson, Halldór Sigurðsson, Haukur Hauksson, Ingvi Þór Þorkelsson, Jörgen E. Moestrup, Kristinn Kristinnsson, Ólafur Briem, Ólafur Stefán Sigurðsson, Páll P. Beck, Pétur Sveinsson (Stofnfélagi), Skúli Sigurðsson.



Melvin Jones Fellowship. Björg Bára Halldórsdóttir, Ásvaldur Andrésson, Sæmundur Alfreðsson, Halldór Friðrik Olesen, G. Tómas Guðmundsson, Gísli H. Guðmundsson, Ingvi Þór Þorkelsson, Jörgen Ernst Moestrup, Guðmundur Hannesson, Halldór Sigurðsson, Ómar Þorsteinsson, Geirþrúður Fanney Bogadóttir.



Fjöllumdæmisstjóri Björg Bára Halldórsdóttir Umdæmisstjóri 109A Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Eiríkur Magnússon formaður og Páll Beck ritari.



Stjórn Lionsklúbbs Kópavogs. Frábær stjórn Lionsklúbbs Kópavogs á afmælisárinu. Frá vinstri talið Páll Þórir Beck ritari, Eiríkur Þór Magnússon formaður, Hafþór Hallgrímsson gjaldkeri og Gísli H. Guðmundsson síðameistari.



Nýir félagar. Erlingur E. Erlingsson, Högni Guðmundsson meðmælandi, Kristján Rafnsson, Eiríkur Magnússon og Sigurður Kjartansson



Fyrsta stjórn klúbbsins 1959. Frá vinstri talið Þorvarður Árnason, Ólafur H. Jónsson og Brynjúlfur Dagsson. Með þeim á myndinni eru Sigurður Grétar Guðmundsson og Gunnar Guðmundsson.



Melvin Jones Fellowship. Davíð Gíslason, Sigurjón Sigurðsson og Sigurjón Arnlaugsson.

Þrír stofnfélagar - Kjaransorðan

Þeim heiðursmönnum, Sigurði Kjartanssyni, Grétari Kristjánssyni og Péttri Sveinssyni var veitt Kjaransorðan sem er æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Þeir eru jafnframt allir Melvin Jones Fellowship meðlimir.

Nýir félagar - lykill að langlífi

Tveir nýir félagar voru teknir í klúbbinn á þessum merku tímamótum. Það voru þeir Kristján Rafnsson og Erlingur E. Erlingsson. Sigurður Kjartansson (93 ára) aldursforseti meðal eftirlifandi stofnfélaga, las þeim siðareglur Lions og tók þá formlega inn í klúbbinn við fögnuð og lófatak viðstaddra, enda yngist klúbburinn upp við hvern nýjan félag og tryggir jafnframt langlífi hans. (Sú saga gengur reyndar manna í millum að aðild að Lionsklúbbsi Kópavogs eflir hreysti og langlífi og um það er engu logið.)

Frá árinu 2010 hafa 15 manns gengið í klúbbinn og eru nú 45 félagar í honum og fundarsókn ætíð góð.

Melvin Jones Fellowship viðurkenningar

“This Fellowship Award is the highest form of recognition and embodies humanitarian ideas consistent with the nature and purpose of lionism”

Á hátíðinni var tíu félögum veitt Melvin Jones Fellowship viðurkenningar fyrir áralangt og trúfast starf innan klúbbsins, (nema kannski einum se hefur nægt að vera þægur á fundum).

Þrettán félögum hefur því hlotnast þessi virðing á afmælisárinu sem nú er að líða, því á aðalfundi klúbbsins í haust fengu þrír félagar þessa æðstu viðurkenningu Lions. Það voru þeir Davíð Gíslason, Sigurjón Sigurðsson og Sigurjón Arnlaugsson.

Rjóðrið, LCIF, Heiðurs sjóður Guðrúnar

Á hátíðinni veitti klúbburinn styrk að verðmæti einnar milljóna króna til Rjóðursins - hvíldarheimilis fyrir langveik börn en Rjóðrið hefur verið helsti styrkþegi klúbbsins síðustu ár. Einnig staðfesti klúbburinn veglegan styrk til LCIF Alþjóðahjálpar sjóðs Lions.

Í tilefni 60 ára afmælisins færði Lions-umdæmið á Íslandi Heiðurs sjóði Guðrúnar Bjartar gjöf í nafni klúbbsins. Fjöllumdæmisstjóri, Björg Bára Halldórsdóttir færði formanni klúbbsins gjafabréf þessu til staðfestingar og færum við henni okkar bestu þakki.

Ræðupúltið

Lionsklúbburinn Ýr færði klúbbnum nýtt og ónótad ræðupúlt að gjöf. Mun það án efa nýttast klúbbnum vel og víst er að þaðan munu margar hnitnar stökurnar rata af vörum skeleggra ræðumanna. Bestu þakki til Ýr kvenna



Vinstra megin er Einar Bollason, Ármann Kr. Einarsson, Björg Bára Halldórsdóttir, Eiríkur Magnússon, Páll Beck. Hægra megin á mynd er Sigrún Ingólfsdóttir, Hulda Guðrún Pálsdóttir, Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Gísli H. Guðmundsson.



Eiríkur Magnússon formaður, Sigríður Haraldsdóttir formaður Ýr og Bára M. Eiríksdóttir og gjaldkeri Ýr.



Karlarór Kópavogs.



Einar Bollason veislustjóri.

Verkefni Lionsklúbbs Kópavogs - Við leggjum lið.

Hallgrímur Pétursson var vitur maður. Hann kvað. *“Huggun er manni mönnum að, miskunn Guðs hefur svo tilskikkað.”* Einar Benediktsson hafði líka sitt hvað til málanna að leggja. Hann orti.

“Maðurinn einn er ei nema hálfur, með öðrum er hann meiri en hann sjálfur”

Það er í þessu samhengi sem einkunnarorð Lions “Við leggjum lið” hljóma svo sterkt.

Verkefni Lionsklúbbsins hafa verið ærin í gegnum tíðina. Á sextíu árum hefur víða verið komið við og margir lagt hönd á plóginn. Væri það að æra óstöðugan að telja það allt upp hér. Í dag einbeitum við okkur að Rjóðrinu - dvalarheimili fyrir langveik börn. Nýr fjölnota bíll með hjólastólalyftu var keyptur fyrir nokkru að verðmæti sjö milljónir króna. Enn er klúbburinn að vinna fyrir Rjóðrið og er margt spennandi í pípunum.

Klúbburinn styrkti á árinu myndarlega við viðgerðir á glerlistaverkum Gerðar Helgadóttur í Kópavogskirkju en í þeim eru mikil menningarverðmæti sem lágu undir skemmdum.

Einnig tókum við þátt í föstum verkefnum Lionshreyfingarinnar eins og Landssöfnun Rauðu fjaðrarinnar og Alþjóðadagi sykursjúkra með blóðsykurmælingum á Smáratorgi. Af mörgu öðru er að taka en í því sambandi vísa ég á Afmælisrit Lionsklúbbsins sem fylgir þessu Lionsblaði og á heimasíðu klúbbsins.

Hátíðinni lauk með tilþrifum

Karlarór Kópavogs tók lagasyrpu sem fékk flesta til að rísa úr sætum. Karlaraddirnar fylltu hvern krók og kima salarins og lét engan ósnortinn. Garðar Cortes stjórnandi kórsins hefur gert kraftaverk með þennann svo til nýja kór. Kunnum við þeim okkar bestu þakki fyrir að hjálpa okkur að gera 60 ára afmælið ógleymanlegt.

Ný heimasíða Lionsklúbbs Kópavogs í smíðum

Í tilefni af 60 ára afmæli klúbbsins hefur verið ráðist í að endurhanna og “vefa” nýja heimasíðu. Gert er ráð fyrir að hún verði tekin í notkun á nýju starfsári í haust. Vefslóðin er www.yourlk.org. Fylgist með okkur þar, einnig á Facebook síðu okkar <https://www.facebook.com/Lions-klubburkopavogs>.

Afmælisrit Lionsklúbbs Kópavogs fylgir með þessu Lionsblaði og verður það einnig aðgengilegt á vefnum okkar.

Afmælis- og hátíðarkveðjur til ykkar ykkar allra

Lionsklúbbur Kópavogs
Ómar Þorsteinsson



Fréttir frá Lionsklúbbnum Fold



Foldarkonur standa vaktina.



Í heimsókn hjá Hugarafli.



Hugarafli færð gjöf.



Pflukast meistari vorið 2018.



Anita Knútsdóttir fær Melvin Jones viðurkenningu.

Nú þegar 29. starfsári Lionsklúbbsins Foldar er að ljúka er ljúft að líta yfir störf okkar á árinu, undir styrki stjórn Arndísar Bjarnadóttur formanns þetta árið. Að ekki sé talað um formenn nefnda og þeirra samstarfskonur. Það hefur verið nóg að gera og störf Foldarkvenna aldrei fullþökkuð í þágu þeirra sem minna mega sín í samfélaginu og á heimsvísu, því við höfum verið duglegar að leggja LCIF lið öll árin sem við höfum starfað. Þess vegna eigum við nú 18 Melvin Jones féлага. Nýjast meðlimur í þeim hóp er Aníta Knútsdóttir en hún fékk viðurkenninguna afhenta á fundi í apríl s.l.

Foldarkonur hafa tekið sér ýmislegt fyrir hendur í vetur eins og venjulega. Við höldum okkar árlegu fjáröflun með Dömkvöldi í október og var þetta í þriðja sinn sem ágóðinn rann til Hugarafis sem eru sjálfstætt starfandi grasrótarsamtök þar sem starfsemi er mótuð bæði af einstaklingum með persónulega reynslu af andlegum áskorunum (stundum kallað notendur) og einstaklingum með fagmenntun. Þátttaka í starfsemi Hugarafis er fyrir alla sem hafa áhuga á að vinna í geðheilsu sinni á eigin forsendum. Við Foldarkonur gleðjumst með þeim þar sem þau hafa nú

fengið varanlegt húsnæði fyrir starfsemina að Lág múla 9 í Rvk. og höfum tekið ákvörðun um að halda áfram að styrkja þau.

Alveg frá stofnun hafa Fold og Fjörgyn starfað mikið saman að ýmsum verkefnum. Undanfarin 15 ár höfum við unnið með Fjörgynjarmönnum við tónleikahald í Grafarvogskirkju sem er ótrúlega skemmtilegt verkefni. Í vetur unnu klúbbarinn saman í þriðja sinn að blóðsykurmælingum í húsnæði Krónunnar á Bíldshöfðanum. Þar voru mældir 612 einstaklingar og létu mjög margir í ljós þakklæti sitt við Lions. Foldarkonur stóðu að



Foldarkonur á alþjóðþingi s.l. sumar.



Gaman saman á dömkvöldi.



Vorferð í Perluna.

sjálfsögðu vaktina þegar Rauðu fjaðrar sófnunin stóð yfir og tókum þátt í Lestraráttaksverkefnum MD 109 sem að þessu sinni voru tvö, að dreifa bókamerkjum og heimsækja nokkra leikskóla til að færa þeim gjafir frá Menntamálastofnun.

Á aðventuróltinu okkar heimsóttum við að þessu sinni Galleri Fold á Rauðarárstíg. Þar var einstaklega vel tekið á móti okkur og við fræddar um starfsemina og listaverkin sem þar

voru til sýnis. Hvítvínsglasið sem í boði var spillti ekki fyrir ánægjunni.

Foldarkonur bjóða mökum sínum og vinum á þrettándagleði í byrjun janúar og í vorferð á hverju ári og að þessu sinni var farið í Perluna þann 11. maí, snæddur hádegisverður og síðan voru skoðaðar allar þær merku sýningar sem þar eru til húsa. Þaðan fóru allir vel mettir og miklum fróðleik ríkari. Hefð er að skapast fyrir

því að halda stjórnarskiptafund í sal Pílukastsfélags Reykjavíkur í maí. Þar fer fram pílukastkeppni og krýndur meistari klúbbsins.

Sumarkveðja til ykkar kæru Lionsfélagar um land allt.

*f.h. Foldarkvænna.
Hrund Hjaltadóttir ritari.*



Það var fjór þegr Bragi Ragnarsson vara undæmissjóji 109B heimsótti okkur.



Arnáís formaður heimsækir leikskóla færandi gjafir.



Kynslóðirnar skemmta sér við bingóspil.

Lionsklúbburinn Eden

Frábær hugmynd komin í framkvæmd. Eden konur gefa út dagbók fyrir árið 2019. Bókin er sérnsiðin fyrir lionsfélaga. Sérmerkt fyrir hvern og einnig félagatal.

Skemmtileg bók með öllum merkisdögum Lions og pláss fyrir verkefni vikunnar og minnisblaði. Þetta er frábær gjöf til félaga eða fyrir þig sjálfan. Hægt er að senda email á Ingibergsdottir74@gmail.com til að fá pöntunarblað best er að einhver einn úr stjórn taki að sér að fá allar pantanir hjá klúbbum. Því við þurfum félagaskrá frá hverjum klúbbi.

Frábært að byrja árið vel og hafa skipulag í lagi.

Kveðjur úr Hveragerði lkl Eden
Ólöf Ingibergsdóttir formaður



Myndir úr lionsstarfinu starfsárið 2018-2019

Ljósmyndarar eru ýmsir



Lionsklúbburinn Engey



Geirprúður Fanney Bogadóttir undanemisstjóri á janúarfundi.



Gréta Ingólfsdóttir framkvæmdastjóri Styrktarfélags barna tekur við 300.000 kr. gjafabréfi úr hendi Guðrúnar H. Björnsdóttur formanns Engeyjar.



Heimsókn á Hjúkrunarheimilið Skógarbæ.



Handverks- og kökubasar í Mjóddinni.



Handverk á basar.



Hjálparstofnun kirkjunnar afhentur handprjónaður barnafatnaður.

Síðari hluta starfsársins hafa Engeyjarkonur haldið áfram af fullum krafti. Starfið í vetur hefur gengið vel. Þátttaka í verkefnum verið góð, fundir almennt verið vel sóttir og ýmislegt sér til gamans gert.

Í byrjun þorra var haldið þorablót sem heppnaðist með miklum ágætum. Þar skemmtu tvær af jólanornunum, þ.e. þær Íris Sveinsdóttir og Berta Dröfn Ómarsdóttir. Þá var happdrætti með góðum vinningum, fjöldsöngur og gamanmál. Í febrúar var síðan farið saman á sýninguna "Kvenfólk" í Borgarleikhúsinu sem var hin besta skemmtun.

Verkefni í vetur hafa verið nokkuð mörg. Í mars var farið í heimsókn á Hjúkrunarheimilið Skógarbæ sem er fastur og ánægjulegur þáttur í starfsemi klúbbsins. Þar söng Stefán Stefánsson tenórsöngvari fyrir heimilisfólk, starfsfólk og gesti, en að því loknu voru á borðum veitingar í boði Engeyjarkvenna. Helgina 5. – 7. apríl stóð meiri hluti félaga vaktina í Mjóddinni og seldi Rauða fjöður. Þann 11. apríl var klúbburinn með basar í göngugötunni í Mjódd til styrktar herferð Alþjóðahjálparsjóðsins gegn mislingum í heiminum. Á basarum var til sölu handprjónaður barnafatnaður, heklud og prjónud smábarnateppi og ýmiss konar annað

handverk. Jafnframt voru þar til sölu ljúffengar kökur og brauð. Handverkið var að miklu leyti afrakstur af vikulegum vinnufundum félaganna í Lionsheimilinu. Basarinn gekk ágætlega en það sem ekki seldist af barnafatnaði var gefið Hjálparstofnun kirkjunnar.

Í vetur höfum fengið til okkar góða gesti sem stuðlað hafa að því að gera fundina skemmtilega og áhugaverða. Á janúarfund heimsótti okkur Geirprúður Fanney Bogadóttir undanemisstjóri. Í fróðlegu og skemmtilegu erindi sagði Geirprúður frá sjálfri sér og fræddi okkur um það sem er á döfinni hjá hreyfingunni bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Á febrúarfundi var Styrktarfélagi krabbameins-sjúkra barna afhent gjafabréf að fjárhæð 300.000 krónur. Gréta Ingólfsdóttir framkvæmdastjóri Styrktarfélagsins tók við gjafabréfinu og sagði okkur á áhrifaríkan hátt frá starfsemi félagsins og skjólstæðingum þess. Marsfundurinn var vinkvennafundur. Þar skemmti okkur Kristín Birna Óðinsdóttir söngkona og var ljúft að hlýða á söng hennar. Ragnar Ingi Aðalsteinsson kennari og hagrýðingur kom til okkar á aprílfund. Hann kynnti og las upp úr bókinni "Lífssporin mín – endurminningar Erlu Jónsdóttur". Skemmtileg og lifandi frásögn sem lýsir

margbrotnu lífshlaupi konu sem flestar leiðir eru færar. Þá las Ragnar Ingi upp úr kveri sínu Bragarblóm sem gefið var út á 75 ára afmæli hans og inniheldur eina limru fyrir hvert lifað ár. Kverið er skreytt einstaklega fallegum blómateikningum eftir Sóleyju Nótt Jerzysdóttur, nemandi í 10. bekk grunnskóla. Þetta var ánægjuleg stund sem félagarnir nutu vel og var Ragnari Inga klappað lof í lófa og þakkað fyrir heimsóknina.

Lokafundur starfsársins var 13. maí og voru þá stjórnarskipti. Að venju lýkur starfsárinu með vorferð klúbbsins. Að þessu sinni er áformuð dagsferð þann 30. maí vestur í Dali.

F.h. Lionsklúbbsins Engeyjar
Guðný Björnsdóttir.



Frá starfi Lionsklúbbsins Höfða 2018-2019



Gestir á samkomu fyrir eldri borgara í Höfðaborg Hofsósi.



Haraldur Þór Jóhannsson les úr ævisögu sinni. Jón Gíslason í Miðhúsum, leikur á harmonikku. Kristján Jónsson veislustjóri á samkomu fyrir eldri borgara. Porvaldur G. Óskarsson þakkar móttökur á samkomunni.

Vetrarstarfi Lkl. Höfða er nú að ljúka og hefur það gengið vel. Fundir voru haldnir í Höfðaborg tvisvar í mánuði, einnig heimsóttum Lkl. Dalvíkur, súpufund Bjarkanna á Sauðárkróki og saltkjötsfund Lkl. Skagafjarðar, einnig var sameiginlegt jólahlaðborð á Löngumýri með Lkl. Skagafjarðar. Á flestum fundum er frummælandi, ýmist aðfenginn eða úr röðum félaga, með fræðslu eða skemmtiefni. Aðal fjáröflunarverkefni Höfða er niðulagning á síld og sala hennar, einnig selja félagar blóm fyrir konudaginn. Hefur þetta gefið góðar tekjur, sem við höfum reynt að veita til góðra mála.

Á haustdögum afhentum við Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki tvö sjúkrarúm ásamt náttborðum. Einnig afhentum allir Lkl. í Skagafirði, HSN á Sauðárkróki, 8 Prince lyftustóla

Lionsfélagar bregða sér í gervi jólasveina og gleðja börn á öllum aldri fyrir jólin. Íþróttabandalag fatlaðra var veittur styrkur.

Nokkrar fjölskyldur hafa verið styrktar þar sem veikindi og eða aðrir erfiðleikar hafa steðjað að.

Leikskólar á svæðinu þ. e. á Hólum og Hofsósi, voru styrktir til tækjakaupa.

Eldri borgurum á svæðinu var boðið til hádegisverðar og skemmtunar í Höfðaborg á Hofsósi í apríl s.l. og sóttu það um 90 manns. Voru það bæði Lionsfélagar og aðfengnir skemmtikraftar sem sáu um dagskrána.

Lokafundur starfársins var haldinn í móttökusal Samgöngumínjasafnsins í Stóragerði 30. apríl. Á þeim fundi afhenti Lkl Höfði safninu gjöf til minningar um stofnanda þess, Gunnar Kristinn Þórðarson, sem lést s.l. vetur.



Mynd þessi er tekin við afhendingju styrks til Samgöngusafnsins í Stóragerði til minningar um Gunnar Kristinn Þórðarson stofnanda safnsins, en hann lést nú í vetur. Þorgils Pálsson gjaldkeri, Sigmundur Jóhannesson formaður, Vilhjálmur Steingrímsson ritari og Sólveig Jónasdóttir ekkja Gunnars. Í bakgrunninn er málverk af Gunnari heitnum.

Vilhjálmur Steingrímsson blaðafulltrúi Lkl. Höfða